

Vandamál kennara
þau sömu um allan
heim BLS 12

Fjarnámið
hefur staðnað
BLS 32

2.TBL. 11.ÁRG. 2011

Skólaerðan

- Rætt við Eirík Jónsson
- Sjálfstæði og betri menntun kennara
- Svipmyndir frá þing KÍ
- Leikskólalæsi





5 KRÓNA AFSLÁTTUR

Með KÍ-dælykli Atlantsolíu fá félagsmenn **5 kr. afslátt**.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is



ATLANTSOLIA



Kristín Elfa Guðnadóttir

Börn og kennarar í Fjarriú

Það mætti stundum halda að börn og kennarar væru annar kynstofn sem venjulegir Íslendingar skilja ekki baun í. En nei - það er ekki svo. Kennarar eru eins og annað fólk, það sem skiptir þá máli í sambandi við ævistarfið er að það færi þeim ánægju og sé nógu vel launað til að þeir geti séð sér farborða, borgað skuldir og helst gert líka eitthvað svolítið fyrir sjálfa sig í ofanálag. Þetta er erfitt starf og gefandi, erfitt út af alls konar rexi og pexi, eftirliti, fundahöldum, virðingarleysi og lágum launum, gefandi út af samskiptum við nemendur. Auðvitað er þetta einföldun en í stórum dráttum það sem ég heyri frá kennurum - og ég hitti þá marga. Höfum við (í merkingunni *samfélagið*) skapað kennurum góð skilyrði til að sinna nemendum og kennslu?

Mín skoðun er sú að það höfum við ekki gert. Alveg eins og í heilbrigðiskerfinu hefur okkur ekki lánast að móta heildstætt kerfi, sem hvílir á stóðum mikillar samvinnu, umræðu og hugmyndavinnu, til að þess að lýsa upp þau gildi sem við viljum standa fyrir sem þjóð. Það er gott að setja fallæg orð í námskrár en hvað svo? Einhvern veginn verður það æ ofan í æ þannig að þegar námskrárnar hafa verið samdar eiga kennarar að taka við og kenna sífellt meira við versnandi kjör, aukið atvinnuöryggi, fleiri almenna ósiði í samskiptum fólks á milli, minni stuðning í bekk eða deild, færri úrræði fyrir nemendur, minna fé til að auka andagift nemenda í vettvangsferðum, færri nothæfar tölur og rölur, brotna blýantsstubby og já - sama vonda veðrið og vanalega en nú án skjólfatnaðar fyrir æ stærri hluta nemenda. Kennsla er göfugt starf og mörgum er hún köllun en þetta er löngu orðið *einum of*. Og við aðstæður eins og nú ríkja - óralangt samningsleysi - eiga kjarasamningar að vera afturvirkir. Og hananú.

Einu sinni var kennari. Hún kenndi í grunnskóla. Hún var fornfús

eins og konum er tamt, gat bara ekki hugsað sér að láta *ástandið* bitna á börnunum. Hún vann frá átta til sex á daginn og var búin að læra að vera annars hugar þegar vinkonurnar í saumaklúbbnum fóru að tala um hvað hún væri heppin að eiga svona langt sumarfrí. Kannist þið við þetta? Svo var annar kennari. Hún kenndi í leikskóla. Frægu foreldrarir sögðu í sjónvarpinu að þeir væru *svo* þakklátir fyrir kennarana því sjálfir gætu þeir aldrei hugsað sér að vera innan um hrínandi börn og skeina rassa allan daginn. Sjaldan eða aldrei var talað við kennara um hversu mikilvægt og skemmtilegt það væri að vinna með börnum. Loks var þriðji kennarinn. Hann kenndi í framhaldsskóla og hafði gert það lengi. Hann hafði lært að kenna í allt öðruvísi umhverfi og vildi læra sumt upp á nýtt. Margir af nemendum hans voru ekki lögráða og aðrir með ýmsar fatlanir og raskanir sem hann vissi lítið um. En það virtist ekki skipta neinu máli hvernig þeim reiddi af, honum og nemendum. Hvar var áhugi samfélagsins á menntun? Átti hún ekki að vera fyrir alla?

Kennarar búa að miklum fjársjóði sem er ótölulegur fjöldi af sögum. Þeir þekkja börn og unglínga og ekki af engu sem ástsælustu rithöfundar barnabóka hafa oftar en ekki stundað kennslu. Kennarar þekkja hvar skórinn kreppir, hvað virkar og hvað ekki. Eina leiðin til að lyfta umfjöllun um menntun á Íslandi á 21. öld á hærra plan og gera hana að samfélagslegri, áhugavekjandi samræðu er að kennarar láti í sér heyra og segi sína sögu. Vænleg leið til að gera þessa hugmynd að veruleika er að fjölmiðlar og akademía leggist á árar með kennurum, skrái sögur þeirra og komi þeim á framfæri.

Vesgú.

Kristín Elfa Guðnadóttir.

3 Leiðari

4 Viðtalið

Eiríkur Jónsson fráfarandi formaður KÍ

8 Fimmta þing KÍ

Rætt við Anders Rusk

10 Fimmta þing KÍ

Stiklað á stóru í samþykktum þingsins

12 Fimmta þing KÍ

Rætt við Fred van Leeuwen

14 Fimmta þing KÍ

Rætt við Peter Mortimore

18 Fimmta þing KÍ

Þingfulltrúar teknir tali

22 Fimmta þing KÍ

Úr ávarpi Þórðar A. Hjaltsted

24 Fimmta þing KÍ

Svipmyndir frá KÍ þingi

26 Menntapólitik

Menntakerfi í fremstu röð byggt upp úr rjúkandi rústum

28 Skólastarf

Leikskólalæsi í leikskólanum Kíðagili á Akureyri

30 Tónlist

Nótan – uppskeruhátið tónlistarskóla

32 Skólastarf

Höfum dregist aftur úr með fjarnámið

35 Skólastarf

Aðför að stjórnendum leikskóla

36 Stjórnarfundur NLS

Bréf norskra skólabarna afhent norska kennarasambandinu

40 Námskeið

Listin að segja sögu

41 Slaka á

Krossgáta KÍ



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

Umsjón með útgáfu þessa tölublaðs: Haraldur Bjarnason

Ábyrgðarmaður: Þóroúr Á. Hjaltsted thordur@ki.is

Umsjónarmaður félagsmála: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115

Hönnun: Zetor.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson (js), nema annars sé getið.

Forsíðumynd: Frá 5. þingi KÍ.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Ísafold.

Skólavardan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.



Skilar af sér hreinu borði. Eiríkur búinn að pakka niður á síðasta vinnudegi sínum á skrifstofu formanns KÍ. Skrifborðið bíður nýs formanns.

Texti og mynd: Haraldur Bjarnason

Margs að minnast frá löngum ferli í félagsstörfum kennara

Eiríkur Jónsson, fráfarandi formaður KÍ:

Eiríkur Jónsson, fráfarandi formaður KÍ, á langan tíma að baki í félagsstörfum kennara. Þá sögu má rekja allt aftur til ársins 1977 þegar hann varð trúnaðarmaður kennara í Kleppsjárnsreykjaskóla í Reykholtssdal, hans heimasveit. Haustið 1979 var hann kosinn formaður Kennarasambands Vesturlands á haustþingi þess. Síðan hefur hann verið viðloðandi einhvers konar trúnaðarstörf fyrir kennara. Á þingi gamla Kennarasambandsins haustið 1980 var Eiríkur kjörinn í fulltrúaráð sem var í raun stóra samninganefndin hjá gamla KÍ. Árið 1984 fór hann svo inn í stjórn gamla KÍ, varð varaformaður þar 1989 og síðan kjörinn formaður gamla KÍ 1994 og eftir sameiningu í hið nýja Kennarasamband Íslands árið 2000 hefur hann verið formaður þess allt þar til hann lét af störfum á nýafstöðnu þingi KÍ.

Eiríkur hefur verið í fullu starfi hjá Kennarasambandinu síðan árið 1990. „Ég byrjaði í hlutastarfi með varaformennskunni, þá var ég að kenna í Hafnarfirði og tók hlutastarf á móti sem launafulltrúi hjá KÍ. Mér fannst það svo ekki ganga upp og hafði á tilfinningunni að ég væri að svíkjust um á báðum stöðum og fór því í fullt starf hjá KÍ þegar færi gafst.“

Samskiptin breyttust með Imbu Péturs

Eiríkur segir gífurlegar breytingar hafa orðið á starfsemi á þessum tíma og aðstöðu allri. „Þegar ég byrjaði vorum við ennþá til húsa hjá

BSRB, þar höfðum við þrjú skrifstofuherbergi og eitt fundarherbergi. Þarna var mjög þröngt um starfsemi og einu tækin sem við höfðum voru sími og faxtæki, sem þá voru nýkomín. Allar útsendingar til félagsmanna og annarra voru í bréfpósti því netið var ekkert. Við höfðum einhverjar tölur þarna í byrjun með ritsvinnslu en nettenging varð svo í raun ekki fyrr en Pétur á Kópaskeri kom með Imbu, sem var mikil bylting. Kennarasambandið átti mikið samstarf við hann í netvæðingunni. Við heiðruðum svo Pétur sérstaklega í tengslum við síðasta stjórnarfund gamla Kennarasambandsins haustið 1999. Þetta gerði það að verkum að kennarar voru mjög snemma netvæddir og lærðu að notfæra sér netið og þetta er í endalausri þróun. Breytingin er orðin gífurleg og ég man að árið 1987, áður en ég byrjaði að vinna hjá KÍ, fengum við lánað faxtæki hjá danskri ferðaskrifstofu sem orlofs- sjóðurinn var í samstarfi við og þetta tæki þótti því líkt undur þá.“

Kennarahúsið að gjöf á lokadegi Ólafs Ragnars og Svavars

Í september 1992 flutti KÍ starfsemi sína í Kennarahúsið. „Við fengum húsið gefins 1. maí 1991. Sú saga var sögð að þeir félagarnir Ólafur Ragnar, sem þá var fjármálaráðherra og Svavar Gestsson, sem var menntamálaráðherra, hafi skrifað undir gjafabréfið á leiðinni út á Bessastaði á síðasta ríkisráðsfundinn áður en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við,“ segir Eiríkur. Hann segir húsið gott þótt þröngt sé um

„Ég man t.d. að í einni atkvæðagreiðslunni um verkfall var kjörsóknin um 95% og jáin við verkfalli 90%“



Eiríkur mætti í sínu finasta Manchester United dressi til þings KÍ seinni daginn.

starfseminna þar í dag. „Þetta hús á sér auðvitað 103 ára sögu og tengsl við kennara. Það var í mikilli niðurníðslu þegar við tókum við því en mikill metnaður var lagður í að gera húsið upp. Við vorum heppin með arkitektinn Pál Bjarnason, sem stjórnaði þessu og iðnaðarmennina sem tóku þetta verk að sér. Sjálfur stundaði ég ekki nám hérna. Nýi kennaraskólinn var kominn þá en smíðadeildin var ennþá í þessu húsi. Það er sómi að þessu húsi í dag og það er hluti af kennarastéttinni. Hér er um þrjátíu manna starfslíð í dag, að vísu margir í hlutastörfum, en ætli við höfum ekki verið sjö þegar ég byrjaði. Nú eru félögin fleiri og kennararnir miklu fleiri. Þjónustan við félagsmenn er miklu meiri í dag en var þá, fyrst og fremst vegna tækninnar. Mér finnst hins vegar að með tilkomu tækninnar missi maður svolítið tengslin við hinn almenna félagsmann. Ég er pennavinur margra í gegnum netið og hef kannski aldrei sé það fólk. Nú hittu ég ekki eins marga og áður. Þá fór maður um landið á fundi og heimsótti skóla. Ég man t.d. eftir ferð sem við Árni Þór Sigurðsson, núverandi þingmaður, fórum. Árni Þór var starfsmaður hér áður en hann fór í pólitíkina og við vorum þá saman með trúnaðarmannanámskeið vítt og breytt um landið. Þá byrjuðum við fyrir austan fjall og þræddum skólanna allt austur á Egilsstaði og flugum svo þaðan til baka. Í þessari ferð komum við í alla þessa litlu skóla, eins og í Örfunum, sem við höfðum aldrei komið í áður. Þetta var mjög gaman og fræðandi. Við komum inn í skólana þegar kennsla var í fullum gangi og fengum beint í æð það sem kennarar á landsbyggðinni voru að gera.“

Þurfum áfram virka þátttöku almennra félagsmann

Almenn þátttaka fólks í stéttarfélagum hefur farið minnkandi á síðustu áratugum en Eiríkur segir Kennarasamband Íslands alltaf hafa lagt mikla áherslu á þátttöku almennra félagsmanna í starfinu og ákvarðanatöku. „Virgni félagsmanna í atkvæðagreiðslum er mjög mikilvæg. Við kennarar höfum auðvitað talsverða reynslu af verkföllum, eins og alþjóð veit. Ég man t.d. að í einni atkvæðagreiðslunni um verkfall var kjörsóknin um 95% og jáin við verkfalli 90% þannig að við vorum með yfir 80% félagsmanna á bak við okkur í þessum aðgerðum. Það hefur líka oftast verið góð þátttaka í kosningum um kjarasamninga og okkur

þykir ekki gott ef kjörsókn nær ekki 70%. Þetta hefur haldist vel og til dæmis við kosningu formanns núna í desember var kjörsóknin yfir 70%. Þá voru bréflugar kosningar, sem eru dýrari og hægðvirkari, en virðast skila betri þátttöku. Núna eru umræður um það hvernig við getum nýtt okkur rafrænar atkvæðagreiðslur án þess að missa niður kosningaþátttökuna. Það er mjög slæmt eins og t.d. í formannskjöri hjá VR fyrir stuttu þegar þátttakan var um 17%. Dæmið þaðan er ekki gott og slæmt ef verið er að kjósa fólk til trúnaðarstarfa með kannski ekki meira en 5% félagsmanna á bak við sig. Ég vona að því merki verði áfram haldið á lofti hjá KÍ að tryggt verði að félagsmenn taki virkan þátt í stærri ákvörðunum á vegum sambandsins.“

Hefur oft velt fyrir sér hvað hann sé sáttastur við

Kjarabaráttu kennara hefur verið hörd á stundum og Eiríkur segir margs að minnst úr þeirri baráttu á löngum tíma. Hann vitnar til þess sem hann sagði í setningarræðu sinni á þingi KÍ apríl síðastliðnum.

„Ég hef oft velt því fyrir mér hvað það sé sem ég geti verið sáttastur við að hafa tekið þátt í að koma í gegn öll þau ár sem ég hef verið að fást við stéttarfélagssleg málefni. Þegar ég hugsa um þetta staldra ég við eitt afmarkað mál, sem ég er stoltastur af. Þetta tiltekna mál snýst ekki um hækkingu launa, kennsluskyldulækkun eða neitt þessháttar. Þetta snýst um að í verkfalli grunn- og framhaldsskólakennara árið 1995 tókst okkur að koma málum þannig fyrir að við gátum í framhaldinu, í samstarfi við BSRB og BHM, hrundið árásum þáverandi stjórnvalda á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Í kjölfar þess að fjármálaráðherra lagði fram frumvarp um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna 1996, sem fóll í sér afnám áunninna réttinda og skerðingu framtíðarréttinda hófu KÍ, BSRB og BHM mikla áróðursherferð til varnar lífeyriskerfinu. Fundir voru haldnir víða um land og var fundarsókn ótrúlega góð og samstaðan algjör. Þetta leiddi til þess að forsætisráðherra dró frumvarpið til baka. Stuttu seinna gerðu samtökin samkomulag við fjármálaráðherra um endurskoðun laganna um LSR og í framhaldi af því fór í gang samvinna þessara samtaka og fjármálaráðherra um endurskoðun laganna sem síðan náðist sátt um og varð grunnurinn að núgildandi löggjöf um LSR A og B deild.



Í ræðustóli á þingi KÍ í apríl

Það er mikilvægt í mínum huga að sú vinna sem nú er í gangi varðandi heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu leiði til þess að sátt náist um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn í framtíðinni. Lífeyriskerfi sem er þess megnugt að greiða fólki mannsæmandi lífeyri að lokinni starfsævi. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að forysta Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins láti af árásum á lífeyriskjör opinberra starfsmanna. Gerist það ekki verður engin sátt.“ Þetta sagði Eiríkur m.a. í ræðu sinni á þingi KÍ og ef þetta hefði ekki tekist með samstöðu þá væri staðan í dag einfaldlega sú að allir hefðu það að jafnaði skítt og ekki úr neinum háum söðli að detta fyrir neinn.

Erfitt að kyngja lagasetningu á verkfall

Eiríkur segir einnig að erfitt hafi verið að kyngja lagasetningu á verkfall grunnskólakennara árið 2004 þegar fólk hafi verið búíð að standa í verkfalli í margar vikur og Alþingi greip inn í. „Ég man eftir að árið 1987 voru lífeyrismálin í umræðunni og nú árið 2011 eru þau enn í umræðunni. Síðan er auðvitað það, að ekki hefur tekist að rífa kennaralaunin upp úr því hjólfari sem þau hafa verið í þrátt fyrir eilífðarbaráttu. Þetta gildir um öll skólastig þótt kannski svolítið misjafnt sé. Að vísu hafa komið tímabil þar sem kjörin hafa verið skárrí og líka tímabil þar sem þau voru verri en þau eru í dag. Ég held t.d. að í árslok 1994, fyrir verkfall, hafi kaupmáttur kennara aldrei farið neðar.

Eiríkur segir að viðurkenning á starfsréttindum kennara með lögbindingu árið 1986 hafi verið mikill áfangi á þessu tímabili þótt slíkt hafi ekki náðst í gegn fyrir leikskólakennara fyrr en árið 2008. „Þetta var barátta sem hafði staðið yfir í fjöldamörg ár og var mikill sigur að ná í gegn. Á þessum tíma mínum hjá KÍ hefur líka lögum á öllum skólastigum verið breytt mikið, þannig að það er margt sem hefur gengið á í þessa þrjá áratugi. Kennarasambandið hefur alla tíð reynt að fá stjórnámálamenn til að hlusta á þá sem vinna í skólunum og það er ekki síður mikilvægt nú í dag.“

Eftir að grunnskólarnir fóru yfir til sveitarfélaganna eru tveir meginviðsemjendur við Kennarasambandið. Eiríkur segir að sér finnist oft hafa verið meiri fagmennska í samskiptum við ríkið en við sveitarfélögin. Hann segir þetta hafa gengið vel í fyrstu þegar Sigurjón heitinn

„Mér finnst vanta fasta liði í fjölmiðla landsins um skólastarfið sjálf“

Pétursson var í forsvari samningagerðar fyrir sveitarfélögin. „Það var gífurlegt áfall þegar hann féll frá. Það var maður sem þekkti þessi mál frá öllum sviðum og var heill í öllu samstarf. Þótt ég nefni Sigurjón sérstaklega þá á það sem betur fer við um marga sem ég haft samstarf við að vera heilir og trúir í samningagerðinni.“

Kennarar hafa samúð almennings þangað til kemur að verkfalli

Kennarar hafa ekki alltaf haft fulla samúð almennings á kjarabaráttu sinni. „Þetta er svolítið sérstakt því þegar gerðar eru skoðanakannanir um traust almennings á starfstéttum þá eru kennarar yfirleitt ofarlega á blaði enda held ég að þeir hafi trúnað og traust almennings alveg þangað til þeir fara í verkfall. Þá hrynur allt almenningsálit á kennurum. Það er kannski eðlilegt því kennaraverkfall bitnar á fjölskyldum landsins. Svo hefur staðan verið þannig síðustu áratugi að báðir foreldrar eru útíinnandi og ef kennsla fellur niður þá er þessi öruggi staður fyrir börnin, sem skólinn er, ekki lengur til staðar. Það fer enginn í verkfall að gamni sínu og oft er biðin eftir samningi búin að standa lengi þegar til þess kemur, stundum árum saman. T.d. fyrir verkfallið 1995 þá hafði ekki verið gerður raunverulegur kjarasamningur síðan 1989. Mér finnst það líka umhugsunarefni, þegar ég lít til baka, hvernig fjölmiðlar taka stundum á málum. Árið 1993 var fellt í atkvæðagreiðslu að fara í verkfall. Fjölmiðlar sátu um samninganeftindina meðan sú umræða stóð yfir. Um svipað leyti héldum við skólamálaþing á Hótel Loftleiðum með mjög góðum erlendum fyrirlesurum en á því höfðu

„Þetta var því enginn köllun sem ég fékk til að fara í kennaranám heldur var pabbi bara að redda málunum“

fjölmiðlar engan áhuga. Mér finnst enn þann dag í dag að ef von er á hasar þá hlaupa fjölmiðlar til. Ég var einmitt að spauga með það á kennaraþinginu um daginn, þar sem við vorum með góða fyrirlesara og athyglisverð mál til umræðu, að við ættum að láta leka út einhverja tilkynningu um að til stæði á þinginu að samþykkja tillögu um að farið verði í verkfall á öllum skólastigum. Ég er viss um að þá hefðu allir fjölmiðlar mætt en annars sýndu þeir þinginu engan áhuga. Þegar ég læt núna af störfum þá er þetta mín upplifun. Það eru alltof fáir fjölmiðlamenn sem sýna skólamállum áhuga. Það er einstaka sem hefur samband og þá helst ef þeir sjá einhverjar Pisakannanir og OECD skýrslur og ef þeir geta lesið eitthvað neikvætt út úr þeim. Mér finnst vanta fasta liði í fjölmiðla landsins um skólastarfið sjálft, ekki um forystuna eða Kennarasambandið, heldur grasrótastarfið hið gríðarlega mikla starf sem unnið er í skólunum sjálfum á öllum skólastigum. Það þarf að leyfa þjóðinni að fylgjast með. Þarna vil ég sjá breytingar.“

Settur í geymslu í Kennaraskólanum

Víkjum þá að manninum sjálfum, kennaranum Eiríki Jónssyni. Hvernig stóð á því að hann fór í kennaranám?

„Það er nú svolítið skemmtileg saga að segja frá því. Ég lauk landsprófi frá skólanum heima, í Reykholti í Borgarfirði, vorið 1968 og þeir sem muna ástandið þá vita hvað var að gerast. Það var atvinnuleysi og iðnaðarmenn að flytjast til Ástralíu og Svíþjóðar. Á þessum tíma átti ég mér þann draum að verða rafvirki. Pabbi var kennari í Héraðsskólanum í Reykholti. Ég er fæddur þar í skólahúsinu sjálfu og þar bjuggum við þangað til ég var níu ára og foreldrar mínir byggðu sér hús í Reykholti. Pabbi var líka með búskap og ég samdi við hann um að vinna hjá honum við búskapinn með skóla og í fríum en þess í stað myndi hann kosta mig í skóla. Þetta er besti samningur, sem ég hef gert á ævinni og varð til þess að ég kom skuldlaus út úr skóla. Í þessari stöðu vorið 1968 var vonlaust að komast í rafvirkjanám og ég vann hjá pabba um sumarið. Í ágúst þetta ár tilkynnti pabbi mér að hann hefði talað við Brodda Jóhannesson og hann væri búinn að koma mér í geymslu í Kennaraskólanum þennan vetur. Hann sagði við mig að enga vinnu væri að hafa og ég hefði ekkert nema gott af því að vera þarna einn vetur og sjá svo

til hvernig mér litist á framhaldið. Þetta var því enginn köllun, sem ég fékk til að fara í kennaranám, heldur var pabbi bara að redda málunum, sem ég er afar sáttur við eftir á. Eftir fyrsta veturinn kom aldrei annað til álita hjá mér en að klára Kennaraskólann.“

Grindavík, Stykkishólmur, Kleppjárnsreykjar og Blönduós

Eiríkur útskrifaðist úr Kennaraskólanum árið 1972 og byrjaði síðan að kenna í tvö ár í Grindavík, þaðan sem móðurætt er og því gott að reyna fyrir sér þar. Síðan kenndi hann í Stykkishólmi í eitt ár en fór þaðan vegna húsnæðisskorts. Árið 1975 lá leiðin aftur á heimaslóðirnar í Reykholtaldnum. „Þá losnaði kennarastaða á Kleppjárnsreykjum og henni fylgdi þetta dýrindis húsnæði, þannig að það réð för þangað, annars hefði ég verið lengur í Hólminum. Ég kenndi svo í Kleppjárnsreykjaskóla frá 1975 til 1984 og var kominn í hlaðið á æskustöðvunum en ég hef alltaf verið mjög stoltur af sveitinni minni. Svo kom að því að prófa skólastjórarstarf á Blönduósi en þar var ég næstu fimm árin. Þetta er allt tilviljunum háð en það var kunningi minn sem benti mér á að sú staða væri laus. Kannski var líka einhver metnaður í mér að staðna ekki og því vildi ég prófa þetta. Ég hætti þarna 1989, sama árið og ég var kosinn varaformaður KÍ og starfið hér togaði í mig.“

Heimilinu lokað klukkan tíu á kvöldin

Eiríkur segir að nokkuð sérstakt hafi verið að alast upp í heimavistar-skóla. „Afi hafði verið skólastjóri í aldarfjórðung í Reykholti og pabbi kenndi þar í fjórutíu ár. Þegar ég var krakki bjuggum við í heimavistinni. Þar var útidyrum læst klukkan tíu á kvöldin og ef foreldrar mínir áttu von á gestum þá urðu þeir að kasta steini í glugga til að komast inn því ekki var dyrabjöllunum fyrir að fara. Ég ólst því þarna upp innan um nemendur, sem komu víða að af landinu og stundaði síðar mitt nám þarna. Mér er mjög hlýtt til þessa mikla menningarseturs Reykhólts og Reykholtaldsins,“ segir Eiríkur Jónsson, sem rétt hafði lokið við að pakka niður á formannsskrifstofunni þegar viðtalið var tekið og meira að segja búinn að taka „Old Trafford“ skiltið niður af hurðinni.



Texti: Tryggvi Gunnarsson

Sjálfstæði og betri menntun kennara leiðir af sér betra menntakerfi

Meðal þeirra sem héldu erindi á 5. þingi Kennarasambands Íslands var Anders Rusk. Hann er framkvæmdastjóri Samtaka norrænna kennarasambanda, NLS. Hann á að baki langa setu í stjórn samtakanna, auk þess sem hann gegndi formennsku í finnsku kennarasamtökunum. Rusk þekkir því að eigin raun hvaða áhrif kreppa hefur á nútíma skandinavísk menntakerfi, en Finnar gengu í gegnum sitt eigið „Icesave“ snemma á títunda áratuginum. Hann telur Íslendinga geta lært af Finnum.

Hið fullkomna fyrirkomulag

Eitt af meginmarkmiðum NLS er að skapa grundvöll þar sem kennarar allra Norðurlandanna geta deilt með sér reynslu, bæði af því sem vel hefur reynst og því sem ber að forðast.

„Ljóst er að Norðurlöndin eru svo lík að það sem gefur góða reynslu í einu landi, gefur yfirleitt sömu niðurstöðu á hinum Norðurlöndunum,“ segir Rusk. „Samt eru löndin nógu ólík til að mismundandi hugmyndir vakni í þeim, hugmyndir sem svo er hægt að dreifa og nota til að hvert land geti bætt sitt eigið kerfi. Þetta er í raun hið fullkomna fyrirkomulag. Ég er líka formaður Norðurlandaráðs Finnlands, og ég sé þar að þetta á við ekki bara um menntakerfi heldur á flestum sviðum samfélagsins.“

Finnska leiðin

Árangur Finna í menntamálum hefur verið til eftirbreytni síðustu tvo áratugi. Þær endurbætur sem þeir gerðu á kerfinu í kjölfar fjármála-

„Norðurlöndin eru svo lík að það sem gefur góða reynslu í einu landi, gefur yfirleitt sömu niðurstöðu á hinum Norðurlöndunum“

hruns finnska bankakerfisins í byrjun títunda áratugarins hafa gefið góða raun og eðlilega líta íslensk stjórnvöld og kennarar til Finnlands í leit að svörum um hvert skuli haldið nú eftir okkar eigið hrun.

„Ég hef alltaf tekið skýrt fram, þegar ég tala um finnska menntakerfið og PISA niðurstöður þess, að engin þjóð getur með góðu móti tekið finnska menntakerfið og mótað sitt eigið kerfi eftir því í óbreyttri mynd. Þetta er vegna þess að finnska kerfið er byggt upp með hliðsjón af finnskri menningu, sögu, samfélagi og viðhorfum. Þú getur því ekki tekið kerfið, farið heim og skellt því í gang,“ segir Rusk. „Eins og ég minntist á áðan þá eru Norðurlöndin svo lík, sérstaklega Ísland og Finnland. Bæði löndin eru útverðir Norðurlandanna landfræðilega, þjóðirnar eru vinnusamar og saga okkar beggja er mörkuð átökum og erfiðum tímum. Því tel ég gáfulegt að skoða hvað Íslendingar geta lært af þeim breytingum sem við gerðum á okkar kerfi og yrðu þær lagaðar að íslensku samfélagi gætu þær gefið góða raun.“

Flottir bílar og frábær þjónusta!

Við bjóðum rútur í öllum stærðum með rúmgóðum farangursrymum fyrir hljóðfæri, farangur og annað sem nauðsynlegt er að koma á staðinn.

Einnig bjóðum við upp á áætlunarferðir til og frá Keflavíkurlflugvelli.

Kíktu við, hringdu eða skrifaðu okkur línu og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Er bekkurinn að fara í bekkjarferð?

Er lúðrasveitin eða hljómsveitin að fara í æfingaferð eða á mót?

Er íþróttafélagið að fara að keppa eða í æfingabúðir?

Við komum hópnum á staðinn í fyrsta flokks rútum og á hagstæðu verði.

www.allrahanda.is



Dagsferðir, Afþreying

AIRPORT *Express*

„Við treystum kennurum til að meta starfið sjálfir“

Ánægður kennari er góður kennari

Þær breytingar sem Rusk telur hafa skilað hvað bestum árangri voru meðal annars auknar kröfur til kennaramenntunar en síðan 1995 hefur kennaramenntun krafist meistaragráðu.

„Betri menntun skilaði kennurum sem voru hæfari í að símeta vinnu sína og bregðast við þörfum hvers nemenda á sjálfstæðan hátt. Svo-leiðis menntuðum við ekki kennara áður fyrr. Þess í stað voru skýrir staðlar, ef þú varst með nemandan sem hagaði sér á tiltekinn hátt þá brástu við á fyrirfram ákveðinn hátt,“ segir Rusk.

Þessi aukna aðlögunarhæfni skilaði sér í betra skólakerfi og betri PISA niðurstöðum, sem leiddi af sér að stjórnáráðgjafi byrjuðu að treysta kennurum fyrir ákvarðanatöku í skólastarfinu í auknum mæli.

„Þegar traustið á kennarana jókst, fengu þeir meira sjálfstæði. Sjálf-

stæðið skóp meiri starfsánægju meðal kennara og þegar kennari er ánægður í starfi sínu verður hann betri kennari,“ segir Rusk. „Við í Finnlandi höfum engin samræmd próf, það eru engir utanaðkomandi matsmenn sem koma inn í skólana og meta skólastarfið. Við treystum kennurum til að meta starfið sjálfir og þeir hafa sjálftraust og sjálfstæði til að standa undir því.“

Samnorrænn söngur

Talið berst að Eiríki Jónssyni, fyrrverandi formanni kennarasambandsins, en Rusk hefur lengu unnið með honum að eflingu kennarastéttarinnar á norrænum vettvangi.

„Eiríkur er hefur verið fyrirferðamikill í starfi okkar og honum fylgir mikil og jákvæð orka. Mér sýnist hann hafa unnið gríðarlega gott starf fyrir Kennarasambandið hér á Íslandi, rétt eins og hann hefur gert á vettvangi norrænnar samvinnu. Persónulega hef ég þekkt hann frá árinu 1985 og við urðum strax miklir vinir. Báðir gerum við okkur grein fyrir mikilvægi samstarfs smærri ríkja, eins og Norðurlandanna, og svo finnst okkur báðum mjög gaman að syngja og spila á gítar,“ segir Rusk og hlær. „Hann kann meira að segja að syngja á finnsku.“

5. þing KÍ

Stiklað á stóru í samþykktum þingsins

Við lög KÍ bætist IX kafli um fastanefndir og fjallar hann um hlutverk síðaráðs, jafnréttisnefndar og vinnuumhverfisnefndar.

Samþykkt var að skipa millipinganefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög KÍ.

Samþykkt var að taka ekki upp sérstakt gjald í vinnudeilusjóð KÍ á kjörtímabilinu. Stjórnir KÍ og vinnudeilusjóðs mega hefja gjaldtöku að nýju komi til vinnustöðvunar að hámarki 0,5 % af föstum launum félagsmanna.

Samþykkt var að félagsgjald fyrir 2011-2014 skuli vera 1% af föstum launum félagsmanna fyrir dagvinnu en með heimild til stjórnar KÍ um að hækka það aftur í 1,1% ef aðstæður leyfa og nauðsyn krefur.

Samþykkt var ályktun um lífeyrismál þar sem lögð er áhersla á að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna byggja í senn á kjarasamningum og lögum. Komi til sátt um að stofna eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn er skilyrt að það verði framtíðarkerfi án þess að skerða rétt núveranda sjóðsfélaga.

Samþykkt var ályktun um starfsþjálfun í námi kennaranema.

Samþykkt var ályktun um þátttöku Íslands í erlendum menntarannsóknnum og eflingu menntarannsóknna hérlendis á öllum skólastigum. Í kjölfarið á að ýta undir og greiða fyrir þátttöku starfandi félagsmanna í menntarannsóknnum.

Samþykkt var tillaga um könnun á starfsaðstæðum trúnaðarmanna KÍ þar sem stjórn KÍ noti niðurstöðurnar til að skilgreina starfsaðstæður og vinni að viðeigandi umbótum í samstarfi við aðildarfélög KÍ og önnur stéttarfélög opinberra starfsmanna.

Samþykkt var tillaga síðaráðs KÍ um breytingar á siðareglum kennara.

Samþykkt var tillaga um útgáfumál sem felur stjórn KÍ að halda áfram að þróa starfsemi KÍ á sviði útgáfu- og kynningarmála og kanna möguleika á að auka rafræna upplýsingamiðlun.



Samþykkt var tillaga um fjölda tölublaða Skólavörðunnar. Lagt er til að blaðið verði stærra, efnismeira og fræðilegra. Jafnframt að fækka tölublöðin úr fjórum í tvö á ári.

Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á ríki og sveitarfélög að stofna óháð teymi fagfólks til að fást við einelti og áreitni meðal starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

Samþykkt var tillaga um rétt félagsmanna til niðurgreiðslu á félagsíbúðum vegna læknisþjónustu.

Samþykkt var tillaga um ferðastyrk vegna læknisferða utan heima byggðar.

Allar samþykktir frá 5. þingi KÍ má finna á vef KÍ ki.is/Pages/3329

Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.

Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

www.lsr.is



Bankastræti 7 · 101 Reykjavík
Sími: 510 6100 · Fax: 510 6150
sereign@lsr.is · www.lsr.is



Texti: Tryggvi Gunnarsson

Vandamál kennara eru þau sömu um allan heim

Fred van Leeuwen framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka kennara:

„Vandamál kennarastéttarinnar eru að grunnum til þau sömu hvort sem um ræðir í skólastofu í Peking eða Reykjavík,“ segir Fred van Leeuwen, framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka kennara. Nýfrjálshyggjan og aðferðafræði hennar í menntamálum eru áhyggjuefni að hans mati. Alvarlegur kennaraskortur á heimsvísu er í uppsiglinu.

Með aukinni hnattvæðingu og samtengingu efnahagssvæða er ekki hægt að slíta einstaka lönd eða landsvæði úr hnattrænu samhengi, né horfa fram hjá þeirri staðreynd að ójöfnuður er að aukast.

„50 milljónir manna hafa misst vinnu sína í efnahagsþrengingunum nú og áætlað er að 200 milljónir falli undir fátæktarmörkin. Til skemmri tíma litid horfum við fram á mikinn niðurskurð í menntamálum og að margir af okkar félagsmönnum missi vinnuna sína.“ segir van Leeuwen. „Við lifum á dramatískum tímum en það þarf svo sem ekki að minna ykkur Íslendinga á það.“

Sjálfstæði kennara

Kennarar hérlendis hafa átt í baráttu við viðsejendur sína sem vilja í auknum mæli draga úr sjálfstæði kennara með því að þrengja að vinnutíma og gefa stjórnendum meira vald yfir honum.

„Þetta er ekki bara vandamálið hér á Íslandi heldur út um allan heim.

Samfara nýfrjálshyggjunni hafa stjórnendur og stjórnvöld reynt að auka stjórn sína á kennslu og minnka um leið sjálfstæði kennara. Þetta er partur af stærra vandamáli sem ég kalla *innleiðingu and-fagmennsku* innan kennslugreinarinnar (e. de-professionalization). Hún felur meðal annars í sér að fleira ófaglært fólk er tekið inn í skólana og samræmd próf fá aukið vægi á kostnað frumkvæðis kennara,“ segir van Leeuwen. „Sem betur fer sjáum við að þetta viðhorf, sem ríkjandi hefur verið nær alls staðar, er að breytast að einhverju leiti og nú er frekar leitað eftir fyrirmyndum í löndum þar sem góður árangur hefur náðst með auknu sjálfstæði kennara, eins og til að mynda í Finnlandi.“

Mikill kennaraskortur í uppsiglingu

Fred er bjartsýnn á að stjórnvöld fylgi þessum skoðanabreytingum eftir, enda standi og falli menntakerfi með vel menntuðum og sjálfstæðum kennurum. Nýliðin ráðstefna OECD, EI og menntamálaráðherra víðs vegar að gaf ástæðu til bjartsýni. Málsaðilar voru sammála að jafnvel á tímum efnahagslæggða mætti ekki slaka á hæfniskröfum til kennaramenntunar, enda kennarar ein af lykilstéttunum er kemur að endurreisn efnahagsins. Að auki var mikilvægi símenntunar undirstrikað.

Þrátt fyrir þessa vakningu nú horfir svo við að í náinni framtíð verði skortur á hæfum kennurum.

„Á hnattrænum skala sjáum við fram á skort á menntuðum kenn-

„Tölfræðin er gott tæki til að spyrja spurninga, ekki til að svara þeim“

urum sem nemur tíu til ellefu milljónum á komandi árum. Sjö milljónir vantar á suðurhvel jarðar og fjórar á norðurhvelið, og þar á ég bara við kennara til að mæta þörfum grunnmenntunar. Stórir kennararárgangar eru á leið á eftirlaun og það er ekki nógu mikið af ungu fólki sem leitar í greinina til að standa undir nýliðun,“ segir Fred. „Það virðist einfaldlega ekki nógu heillandi fyrir ungt fólk að taka að sér kennarastörf eins og staðan er í dag. Enginn verður kennari vegna þess að hann eða hún vill verða rík eða ríkur. Flestir sem velja fagið vilja skipta máli og kenna ungu fólki, sem er erfiðara þegar þú hefur ekkert frelsi í kennslunni. Þannig komum við aftur að innleiðingu and-fagmennskunnar og tengingu þessara tveggja vandamála.“

Kostir og gallar tölfræðinnar

Tölfræði OECD og PISA hefur átt það til að verða að vopnum í höndum stjórnmalámannanna sem berjast fyrir breytingum í menntakerfinu, breytingum sem oftast en ekki ganga þvert á óskir og skoðanir kennara. van Leeuwen telur þetta varhugavert.

„Tölfræðin er gott tæki til að spyrja spurninga, ekki til að svara þeim. Hún getur nýst okkur til að sjá hvar við getum bætt okkur og bent á ef breytingar hafa haft jákvæðar eða neikvæðar afleiðingar, upp að vissu marki,“ segir Fred. „Að því sögðu þá viljum við alls ekki að PISA breytist í einhvers konar ólympíuleika menntamála. Því miður getum við ekki stjórnað því hvernig pólitíkusar nota tölfræðina og heldur ekki hvernig fjölmiðlar fara með hana. Hún mælir líka bara brot að því sem í skólasterfi felst og sleppir þáttum eins og eflingu lista, eflingu lýð-

ræðisvitundar og baráttunni fyrir umburðarlyndu samfélagi. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir þessu og að kennarar og samtök þeirra minni reglulega á þetta.“

Baráttan gegn samræmdum prófum

Samræmd próf (e. standardised testing) eru þýrnir í augum Freds og samstafsólks hans í Alþjóðasamtökum kennara. Reynslan af þeim, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, er ekki góð en þar sem prófin samræmast hugmyndafræði hinnar allsráðandi nýfrjálsbyggju hafa kennara mátt síns lítills gagnvart innleiðingu prófanna.

Víða hefur baráttan verið hörð og nefnir van Leeuwen sem dæmi hungurverkföll eins kennara í Kóreu, sem frekar vildi svelta en að sjá menntakerfið falla í þá gryfju að búa til keppni úr menntun þjóðarinnar. Hann nefnir einnig sorglegt dæmi frá Bandaríkjunum þar sem ungur kennari svipti sig lífi eftir að fjölmiðlar birtu lista yfir bestu og verstu skóla tiltekins fylkis ásamt bestu og verstu kennara innan skólanna.

„Tölfræðin náði einungis yfir takmarkaða þætti skólasterfsins og byggðist eingöngu á frammistöðu nemenda á tilteknum prófum,“ segir Fred. „Ungur kennari kom afar illa út úr tölfræðinni og því miður endaði það þannig að hann svipti sig lífi. Þegar nemendur hans og foreldrar þeirra voru spurðir út í kennsluna voru allir gríðarlega ánægðir með kennarann, hann var bæði virtur og dádur. Þarna kom í ljós, svart á hvítu, að samræmdu prófin mældu ekki alla þætti skólasterfsins og í þessu tilviki endaði það afar sorglega.“

Átta nætur
Slóvenía

Beint flug frá Akureyri 24. júní - 2. júlí
Verð frá kr. 79.500 (skattar innifaldir)


Slóvenía & Króatía - Ljubljana & Portoroz

Alparnir & Portoroz - Hjólreiðaferð



Ferðaskrifstofan
NONNI TRAVEL
Sími: 461 1841 - www.nonnitravel.is

Peter Mortimore hefur gegnt stöðu formanns Menntavísindasviðs háskólans í London, skrifað vikulegar greinar í Guardian um menntamál, auk þess sem hann hefur skrifað fjölda fræðigreina og verið fenginn sem álitsgjafi bæði af kennarasamböndum og stjórnvöldum um allan heim í mennta- og kennslumálum. Hér flytur hann erindi sitt með tilþrífum á fimmta þingi KÍ.



Texti: Tryggvi Guðmundsson

Það eru engir töfraspotlar til, bara mikil vinna

Peter Mortimore, einn af eftirsóttustu fyrirlesurum í Evrópu á sviði menntamála, segir kennara vera í mikilli varnarstöðu um þessar mundir, hér á landi sem í allri Evrópu. Kennurum er lífsnauðsynlegt að láta almenning vita hvenær og hvað gengi vel í menntakerfinu ef yfirvöld eiga ekki að keyra þá í kaf með „umbótum“ í anda nýfrjáshyggjunnar, eins og gerst hefur í heimalandi hans, Bretlandi. Menntakerfið á Íslandi stendur vel að hans mati og mikilsvert er hversu ánægðir nemendur eru í skólanum.

Umhverfið er á skjön við það sem fram fer. Peter Mortimore hefur nýlitið erindi sínu á 5. þingi Kennarasambands Íslands, þingi sem haldið er í skugga niðurskurðar og erfiðrar varnastöðu í menntamálum gegn kreppuspám og bölsýni. Mortimore hagræðir sér í rauða leðursófanum í móttökusal Grand Hotel, umkringdur glerveggjum, gosbrunnnum, þjónum á þönum og öðru því sem minnir óþægilega á gössentíðina sem að lokum rak okkur í vörn niður í skotgrafirnar. Eftir stutt spjall um einkahagi, sem virkar eins og móteitur gegn umhverfinu, snýst talið fljótlega að stefnum og straumum í menntamálum, nýfrjáshyggjunninni og hvaða áhrif hún hefur haft á menntamál í hinum vestræna heimi.

„Hugmyndafræði nýfrjáshyggjunnar í menntamálum, NPM, (Newpublic management) er kolröng en framsetning hennar er afar heilsteypt og hljómar sannfærandi,“ segir Mortimore. „Lögd er ofuráhersla á að val sé lykillinn að velgengni og að markaðslögmálin eigi vel við í menntamálum. Ég efast stórlega um að það sé rétt. NPM byggist fyrst og fremst á fjárhagslegum ávinningi sem mér finnst

„Ég hafna algjörlega þessum áherslum á einstaklingshyggjuna“

persónulega betur eiga við málaliða en skólamál. Hún ýtir einnig undir að lítið sé niður á opinbera starfsmenn eins og kennara og gerir lítið úr hvað hvetur kennara og nemendur áfram. Því er haldið fram að fólk gerist kennarar aðallega til að bæta eigin hag. Við getum öll verið sammála um að það sé fjarstæðukennt, enda fer enginn inn í kennslu launanna vegna.“

Mortimore heldur áfram á svipuðum nótum og kann bersýnilegs nýfrjáshyggjunninni litlar þakkir fyrir þau áhrif sem hún hefur haft á stefnu skólamála í Bretlandi. Hann talar af áhuga og ástríðu, auk festu og öryggi þess sem þekkir viðfangsefni sitt. Augljóst er hvers vegna hann er jafn eftirsóttur fyrirlesari og raun ber vitni.

„Í mínu heimalandi hefur þessi endalaus löngun eftir markaðslögmálum og löngun eftir besta valinu leitt af sér að allir vilja velja skólann sem er bestur samkvæmt opinberum samræmdum prófum. Og hvað gerist þá? Foreldrar og nemendur sem ekki komast inn í þá skóla sem þeir sækjast eftir verða óánægðir,“ segir Mortimore. „Ég hafna algjörlega þessum áherslum á einstaklingshyggjuna því hún hundsar

„Eitt af því sem gaf hvað besta raun til að bæta kennsluna hjá mér sjálfum var ekki valdboð að ofan, heldur gagnkvæmar athuganir milli kennara.“

hina hlið manneskjunnar: samkenndina, fórnfýsina og allt hið góða. Það þarf því að vera hlutverk stjórnvalda að berjast gegn þessu. Því miður virðist erfið fjárhagsstaða fá þau til að gera hið gagnstæða.“

Samræmd samanburðarpróf sem ætlað er að bera saman skóla, kennara og nemendur, eru þynnir í augum Mortimore. Hann segir þau vera meðal stærstu vandamála í menntakerfi Bretlands, margra ríkja Bandaríkjanna og víðar, enda stuðli þau að ójöfnuði og óeðlilegri samkeppni.

„Við þurfum á tölfraeðinni og prófunum að halda til að vita hvar við stöndum, en það eiga að vera upplýsingar fyrir skólana sjálfa og kennarana til að bæta sig, ekki til að raða nemum og skólum í einhverjar raðir. Þessi samræmdu próf höfðu því miður of oft til stjórnmalamanna sem vilja umbylta menntakerfum og bæta á sínu stutta kjörtímabili í einni hendingu. Það eru engar töfrasprautur sem hægt er að veifa og kalla fram breytingar, sem bæta eða fullkomna menntakerfi á skömmum tíma, óháð umhverfi og ástæðum. Það væri yndislegt ef svo væri. Þetta snýst ekki um töfralausnir heldur snýst þetta um að leggja hart að sér, axla ábyrgð, sýna áhuga og vinna náið með öllum sem þátt eiga að máli. Í sumum löndum halda stjórnvöld að hægt sé að bæta menntun til dæmis með því að ráðast á kennara. Þvílík fjarstæða!“ segir Mortimore. „Þess vegna segi ég alltaf að besta leiðin til að bæta menntakerfi er að fá kennara til að vinna að umbótunum, enda eru það þeir sem þekkja menntakerfið best.“

En hver á þá að ákveða hvernig kennslan fer fram? Á ríkisvaldið að bakka algjörlega út og leifa kennurum að ákveða hvað kennt er og hvernig, eða er betra að yfirvöld sjái um þessar ákvarðanir? Svarið er einfalt í huga Mortimore, þótt framkvæmd þess sé öllu flóknari.

„Jafnvægi er lykillinn. Ég sé ekkert að því að stjórnvöld, sem fulltrúi samfélagsins, setji fram ákveðnar kröfur um innihald námsskráanna, en þegar þau vilja ráða öllu, öllum smátriðum eins og varð raunin í mínu heimalandi, meira að segja hver kennir hvað hvenær, þá ertu kominn út í einhverja geggjun. Slíkt leiðir af sér að lituð sé á kennara sem tæknimenn, en ekki skapandi starfskraft. Kennarar eiga ekki einungis að hafa ákveðið sjálfstæði í kennsluháttum, heldur verða þeir einnig að eiga þátt í ákvarðanaferlinu. Það sýndi sig í Bretlandi, að þegar kennarar fengu engu ráðið um hvað og hvernig þeir kenndu, urðu þeir fljótt leiðir og allur hvati fór út í veður og vind. Slíkur kennari er ekki góður kennari.“

Æðstu ákvarðanir eru óneitanlega ávallt teknar af stjórnvöldum og

vaknar þá spurningin um hvernig kennarar geti haft áhrif á ákvarðanaferli sem þeim er við fyrstu sýn lokað? Auðvelt er að lofa bót og betrun og að allir verði hafðir með í ráðum, en því miður er það ekki alltaf raunin.

„Svarið er tvíþætt. Annars vegar verður kennarasambandið að berjast fyrir sínum skoðunum og skoðunum félagsmanna sinna. Sambandið verður því að vera rödd kennaranna þegar kemur að því að vinna með stjórnvöldum að stefnumótun,“ segir Mortimore. „Hins vegar er það háskólanna sem mennta kennara að undirbúa þá þannig undir starfið að þeir hafi verkfærin sem til þarf til að geta tekið af skarið og verið tilbúnir að hafa áhrif, sem og að þeir sjái starfið sem stöðuga þróun, að námi þeirra í raun ljúki aldrei.“

Eftir stutta umhugsun biður Mortimore um að fá að bæta þriðja þættinum við. Þætti sem snýr að innra starfi skólanna.

„Þegar tekst að fá kennarana sjálfa til að vinna að því að bæta skólann sinn, tekst að fá þá til að vinna að sameiginlegum markmiðum, þá ertu komin eins nálægt því og hægt er að eignast blessaða sprotann sem getur með einni hendingu breytt öllu kerfinu til hins betra, sprotann sem okkur dreymir öll um,“ segir Mortimore og hlær. „Þegar tekst að fá kennara og nemendur til að vinna saman að breytingum gerast hlutirnir. Þegar aftur á móti yfirvöld ákveða einhverjar breytingar einhliða, og jafnvel þvert á vilja kennara, gerist ekki neitt. Þú færð kennara upp á móti skólafyrirvöldum, nemendur upp á móti kennurum og allt fyllist af neikvæðri orku sem erfitt er að vinna gegn.“

Og ekki þurfa allar breytingar að koma ofan frá. Mortimore, eins og fleiri af kollegum hans, leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði kennarans, enda sé það hann sem þekkir menntakerfið best. Hann veit hvað er í lagi og hvað þurfi að bæta. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að hver kennari sé í stöðugri þróun og að tilraunastarfsemi ljúki aldrei. Hann vill að kennarar spyrji sig stöðugt hver sé besta leiðin, að þeir líti til reynslu fyrri kennara sem náð hafa góðum árangri og að þeir vinni meira saman að því að bæta hvern annan.

„Eitt af því sem gaf hvað besta raun til að bæta kennsluna hjá mér sjálfum var ekki valdboð að ofan, heldur gagnkvæmar athuganir milli kennara. Segjum sem svo að við tveir séum kennarar í sama skóla. Í samráði við yfirmenn okkar fáum við tíma til að fylgjast með kennslunni hvor hjá öðrum. Þú færð, segjum viku, til að sitja kennslustundir hjá mér og ég fæ svo að heyra þín viðbrögð við kennslunni. Ég hef



Education International (EI) eða Alþjóðasamtök kennara, ná til 171 lands og 400 kennarasambanda með samanlagt fleiri en 30 milljónir félagsmanna. Fred van Leeuwen, framkvæmdastjóri EI, var meðal gesta 5. þings Kennarasambands Íslands. Á myndinni eru erlendir fyrirlesarar og gestir þingsins: Frá vinstri Peter Mortimore, Fred van Leeuwen, Haldis Holst, Søren Holm og Anders Rusk.

kannski verið að kenna í áratugi án þess að sjá þá hluti sem augljóslega mega betur fara og þá er það þitt að benda á þá hluti. Að sama skapi sérd þú hvað virkar vel og getur nýtt þér það í þinni kennslu. Svo eftir vikuna snýst dæmið við og ég kem inn í kennslustundir hjá þér," segir Mortimore. „Augljóslega máttu ekki vera of gagnrýninn á neikvæðan hátt, eða of linur og hræddur við að benda á vitleysurnar en þegar jafnvægið næst er gagnkvæm athugun frábær leið til að bæta kennsluna.“

Í fyrirlestri sínum á kennaraþinginu fór Mortimore meðal annars yfir PISA tölfræði Íslands, Norðurlandanna og Bretlands. Samkvæmt tölfræðinni virðumst við standa vel að vígi, þótt nokkuð sé í hinn heilaga gral menntakerfa, skólakerfisins í Finnlandi. Ýmislegt vekur forvitni Mortimore í tölunum og jafnvel kátínu. Meðal annars veltir hann fyrir sér hvers vegna strákar á grunnskólastigi á Íslandi sláist mun oftan en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum og í Bretlandi.

„Ef til vill er það vikingaarfleifðin, en ég þori ekki að fara með það," segir Mortimore og glottir.

Annað sem vekur athygli er að börn á Norðurlöndunum eru mun hamingjusamari í skólanum en breskir nemendur. Mortimore segir mikilvægt að skoða hvað það er sem veldur að þessu sé viðhaldið. Nú þegar skólakerfið er í vörn er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að láta vita hvaða árangur náist og hvenær vel tekst til. Brenna vilji við að almenningur fái einungis að heyrja kvartanir þegar eitthvað fari úrskaiðis eða tölfræðin líti illa út.

„Ég veit ekki hvernig er best að gera þetta en af fengninni reynslu þá verður að láta almenning vita þegar vel gengur. Annars er allt of auðvelt fyrir stjórnálamenn að misnota tölfræðina og einangraða þætti skólakerfisins til að láta líta út sem nauðsynlega þurfi að umbylta öllu með vanhugsuðum aðgerðum," segir Mortimore.

Það er freistandi að spyrja Mortimore ráða um hvert skuli haldið í menntamálum á Íslandi. Glöggt er gests augað, sérstaklega þegar þetta auga hefur eytt áratugum í að greina, breyta og bæta það sem horft er á.

„Ég get ekki svarað því á skynsaman hátt hvar menntakerfið hér stendur vel, og hvar bóta er þörf. Ég er einungis gestur sem bara hefur skoðað tölfræðina. Ég hef ekki gert það sama hér og ég gerði í Noregi

og Danmörku, þar sem mér gafst kostur á að dvelja í lengri tíma, heim-sækja skóla og tala við foreldra og þá sem vinna í menntakefinu. Með þá vitneskju gat ég unnið faglegar skýrslur fyrir OECD. Í tilviki Íslands hef ég bara horft á áður útgefnar tölur sem gefa einungis yfirborðsþekk-ingu. En samkvæmt tölunum standið þið vel á flestum sviðum, en eins og ég sagði í fyrirlestri mínum gefur tölfræðin engin svör, hún gefur bara tilefni til spurninga," segir Mortimore. „Eins og ég sagði áðan þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað það er sem gengur vel og vinna út frá þeim þáttum. Hér virðast börn hamingjusöm í skóla og skólaganga hefst snemma, sem margt bendir til að hjálpi síðar á náms-ævinni. Brottfall er hins vegar hátt á síðari stigum náms sem er eitthvað sem skoða þarf.“

Önnur freisting skýtur upp kollinum og aftur er látið undan. Í hinum fullkomna heimi, þar sem Mortimore fengi að smíða sitt eigið mennta-kerfi á grunni útópísks samfélags, hvernig yrði það menntakerfi?

„Ég er enn að vinna að því, er meira að segja akkúrat að skrifa bók um nákvæmlega það," segir Mortimore og hlær innilega. „Í fyrir-myndarmenntakerfi stæði lýðræði næst hjarta þess. Jafnræði, jafnrétti og jöfn tækifæri væru aðrar meginstöðir. Kerfið snerist um gæði og öll viðmiðin væru alltaf í hæsta flokki. Kerfið gerði sér einnig grein fyrir því að það væri í stöðugri þróun og að þeir sem að því koma þyrftu alltaf að halda áfram að læra og bæta kerfið. Foreldrar yrðu hafðir með í ráðum, kennarastarfið yrði metið að verðuleikum, og kennarar væru drífandi afl. Skólarnir væru skemmtilegir staðir að vera á, spennandi og stöðugt að læra sjálfir á nemendum sína. Þeir væru einnig duglegir að gera tilraunir með kennsluáðferðir. Rökvísi væri höfð að leiðarljósi innan kerfisins og skólar væru öruggir staðir að vera á í okkar flókna samfélagi.“

Þess má geta að glærur með tölfræði og punktum Mortimore, sem og tilvísanir í gögn og fræðirit, má finna á vef Kennarasambandsins, www.ki.is.

Hjá Krumma fæst vandaður efniviður í skólastarfið




Fyrir rökhugsunina mína:




Fyrir sköpunargáfunar mínar:



 Gylfaflöt 7, 112 Reykjavík

 www.krumma.is

 587-8700 / 587-8707

 krumma@krumma.is

KRUMMA®



Texti & myndir: Tryggvi Guðmundsson

Þingfulltrúar teknir tali

Á fimmta þingi Kennarasambandsins voru nokkrir þingfulltrúar teknir tali og spurðir út í þingstörfin og áhrif efnahagsþrenginganna á störf þeirra.



Guðrún Lára Magnúsdóttir
formaður 5. deildar Félags
stjórnenda leikstjóra.

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Þetta er mitt fyrsta þing og mér finnst þetta jákvæð upplifun.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Ég var einmitt að skila matsblaðinu og ég get svo sem ekki bent á neitt sérstakt sem ég vildi breyta, en eins og ég segi þá er þetta mitt fyrsta þing þannig að ég hef ekki samanburð.

Verður þú vör við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?

Nei, ég get ekki sagt að ég sé að upplifa hann eins og þeir sem starfa hér á höfuðborgarsvæðinu en sjálf starfa ég á Hvammstanga.

Sumir vilja meina að landsbyggðin hafi ekki fundið jafnmikið fyrir góðærinu og höfuðborgarsvæðið og upplifi því ekki niðursveifluna eins sterkt.

Ég hugsa að það sé að einhverju leiti rétt. Við á landsbyggðinni héldum okkur alla vega meira á jörðinni, bæði meðan góðærið var og núna, þótt við finnum aðeins fyrir sveiflunum þá er þær ekki mjög mælanlegar í okkar starfi.

Eitthvað annað að lokum?

Félag stjórnenda leikskóla er tiltölulega nýtt félag og við höfum verið að vinna ákveðna mótunarráttunni undanfarið. Ég tel það afar miklægt fyrir okkur og leikskólana að efla stjórnendur verulega, styrkja stöðu þeirra og hvetja þá til að sækja sér menntun við hæfi. Góður stjórnandi þarf ekki einungis að hafa leikskólakennaramenntun, heldur líka menntun á sviði rekstar og stjórnunar.



Páll Sveinsson
Félagi grunnskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Mér finnst hafa tekist ágætlega til, finnst þetta allt frekar jákvætt.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Ég get ekki bent á neitt sérstakt sem ég vildi breyta, því miður.


Verður þú var við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?

Ég finn fyrir honum, já. Aðallega í því formi að maður getur ekki unnið yfirvinnu lengur þannig að fólk í kringum mig, á mínum aldri og með

mína kennslureynslu, á erfitt með að lifa af launum sínum. Í sjálfu kennslustarfinu er það helst að minna er um forfallakennslu þannig að nemendur eru oftast sendir heim þegar forföll eru. Þannig birtist niðurskurðurinn mér.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?

Ég held að þau geti svo sem ekkert annað en að halda áfram að berjast fyrir okkur. Það eru náttúrulega sveitafélögin sem eru okkar vinnuveitendur og þau geta teygt sig svo og svo langt, segja þau. En í mínum skóla í Hveragerði og ég held í flestum skólum, eru skólastjórnendur að leita allra leiða til að hagræða á þá leið að það bitni ekki á skólastarfinu, nemendum eða starfsfólki.



Þórdís Mjöll Benediksdóttir
Félagi leikskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Ég vil byrja á að segja að þetta er mitt fyrsta þing og mér finnst mjög spennandi að fá að taka þátt í því, sérstaklega þar sem ég er ung og ný komin inn í stéttina, þá finnst mér ég læra mjög mikið af því.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Nei, ég held ekki. Allar þessar kosningar um mál sem samstaða er um eru afar tímafrekar en þetta er auðvitað eitthvað sem verður að gera.

Verður þú vör við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?

Jú vissulega og það snýr ekki bara að niðurskurðinum heldur líka ástandinu í samfélaginu. Maður er óneitanlega ekki jafnspenntur fyrir framtíðarmöguleikum starfsins nú og þegar maður kom inn í stéttina, árið 2007. Þá var ég full vonar og bjartsýni og trúði því að launin mundu hækka fljótlega en núna sé ég ekki fram á að kjörin batni í náinni framtíð. Ég er samt ekkert að gefast upp.



Gísli Þór Sigurbórsson
Félagi framhaldsskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Þetta er annað KÍ þingið sem ég sit nú í röð en ég var hér eins og grár köttur þegar við hétum HÍK. Það sem mér finnst áhugaverðast og skemmtilegast er hversu skipulagðar stéttirnar sem að KÍ standa og hversu þingstörfin ganga vel nú. Það er aðdúunarvert.

„Þó svo ég sé henni ekki sammála í pólitík þá er ég ánægður með að hún standi með grunnskólakennurum“

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Ég sé ekki neitt í fljótu bragði og ég var mjög ánægður með að tillagan um að fækka þingfulltrúum hafi verið felld, því það veitir ekkert af að hafa nóg af þeim. Það er gott að sem allra flestar stofnanir hafi fulltrúa.

Verður þú var við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?


Vitanlega. Við erum að kenna jafn mörgum eða fleiri nemendum stærðfræði inn í menntaskólanum en mér sýnist að tímum hafi fækkað um 16 eða 17 yfir heildarhópinn. Það segir að þetta er nánast latex-gallað, það eru allar stofur fullar af nemendum. Þetta þykir mér erfiðast, þegar nemendur eru komnir yfir 25 þá hefur þetta ekkert með einstaklinga að gera lengur. Þetta er bara orðinn massi fyrir framan mann. Maður verður bara þreyttur af að lesa upp nöfnin. Þetta er kannski það helsta en auðvitað finnur maður að það er þrengt að öllu.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?

Þeir sem stjórna mínum skóla eru að gera sitt besta í stöðunni, það verður að segjast, því auðvitað er verið að lemja á þeim. Launakostnaður er stór þáttur rekstarkostnaðar og þar er hægt að spara en við í FF reynum auðvitað að standa vörð um okkar kjör og rétt nemenda okkar.

Eitthvað að lokum?

Já, húsnæðismál Menntaskólans við Sund brenna á mér. Það lítur út fyrir að kannski verðið komið nýtt skólahúsnæði þegar ég verð sextugur. Ég brýni fyrir ríki og Reykjavíkurborg að standa við fögru orðin og að þarna rísi ný bygging. Það ferli er komið mjög langt, hefur reyndar verið um þetta rætt síðan ég byrjaði að kenna fyrir 23 árum, enda húsnæðið okkar nú orðið ansi gamalt og slitið.



Helga Charlotte Reynisdóttir
Félagi leikskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Mér finnst mjög skemmtilegt og spennandi að geta tekið þátt í þeim stóru ákvörðunum sem hér eru teknar og finnst allt hafa farið vel fram.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Nei, mér finnst þetta hafa verið vel skipulagt og vel að þessu staðið í alla staði.

Verður þú vör við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?

Já, ég held að fólk sé ekki að segja satt ef það segist ekki finna fyrir niðurskurði í starfinu hjá sér. Það er augljóst að það koma minni fjármunir inn í skólana og að þrengir að vinnu kennara í heild sinni.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?

Þetta er auðvitað mjög erfið staða og það skiptir ekki máli hvoru megin þú situr við borðið, það vill enginn láta taka frá sínum hlut. En það er

númer eitt, tvö og þrjú að standa vörð um grunnhjónustuna og leita allra leiða áður en skorið er niður í kennaramenntun og menntun ungra barna.



Elías Gunnar Þorbjörnsson
Félagi grunnskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Fyrst og fremst er gaman að sjá hversu mikil gerjun er í gangi innan kennarastéttarinnar og hversu samstaðan er mikil milli aðildarfélaganna. Þingið hefur gengið mjög vel og mun hraðar en síðasta þing, enda ekki jafn mikið átakaþing og fyrir þremur árum. Þá voru kannski tekin fyrir stærri mál og tekist meira á í kringum orlofsþingið þar sem stinga þurfti á ýmsum kylum. Það var ekki sársaukalaust fyrir alla en hefði það ekki verið gert hefði þetta þing án efa ekki gengið jafn vel. Maður hefur það á tilfinningunni nú að öll dýrin í skóginum séu vinir.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Það mætti velja formenn í nefndir fyrir þingið, svo formenn viti til hvers er ætlast af þeim og hvaða mál verði rædd. Þannig gætu þeir verið betur undirbúnir og vinnan yrði markvissari í nefndunum. Ég heyrði til dæmis að það hefðu verið formenn sem mættu bara annan daginn því þeir vissu ekki að þeir ættu að vera formenn nefndar fyrir en þeir komu á þingið. Það gefur augaleið að nefndarformenn þurfa að vera á þinginu alla dagana og stýra sinni nefnd. Þetta er eitthvað sem við þurfum að laga.

Verður þú var við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?

Maður finnur eitthvað aðeins fyrir því auðvitað en ekki svo mikið í mínu starfi. Það er búið að skera mikið niður í yfirbyggingunni, yfirstjórninni og slíku, en ég finn það ekki mikið á eigin skinni fyrir norðan enþá. Svo veit maður aldrei hvað gerist, en ég held að það hafi verið harðar skorið niður fyrir sunnan þar sem kennarar voru með fleiri tíma. Það er því stærra stökk fyrir þá en okkur, því við höfðum ekki fjölgað kennslustundum eins mikið á viku og þeir. Þetta kemur því ekki jafn hart niður á okkur fyrir norðan og suma aðra.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?


Ég er til dæmis ánægður með menntamálaráðherra. Þó svo ég sé henni ekki sammála í pólitík þá er ég ánægður með að hún standi með grunnskólakennurum og sé ekki til í að taka upp hanskan fyrir sveitastjórnirnar án þess að ræða málin. En þegar við komum að því hvernig sveitastjórnir hafa brugðist við er það náttúrulega allt önnur ella. Það er ólíkandi að við séum með lausa samninga í tvö ár og að það sé hálfpartinn hreytt í okkur í fjölmiðlum. Þetta er ekki í samræmi við þá góðu stefnu sem launanefnd og samninganefnd kennara hafa farið

„Það er svo auðvelt að eyðileggja margra ára og jafnvel áratuga uppbyggingu í skólastarfi með vanhugsuðum aðgerðum.“

eftir undanfarin ár. Fordæmi var skapað fyrir síðustu kosningar þegar samninganefnd okkar og samninganefnd sveitafélaganna fór út til Boston og lærðu nýja samningatækni og ákveðna ferla. Þar var ákveðið að vera ekki að skjóta á hvort annað í fjölmiðlum en það virðist hafa gleymst þegar ný nefnd tók við samningaferlinu hjá sveitarstjórnunum. Þetta er eitthvað sem sveitarstjórnir mega taka til sín. Það á bara að semja um þetta án þess að skjóta á hvort annað í fjölmiðlum. Það stuðlar bara að kergju þegar við þurfum að vinna þetta saman því okkar markmið er auðvitað að skjóstaðingum okkar, líði vel og standi sig vel í því sem þau eru að gera.

Eitthvað annað að lokum?

Það er afar mikilvægt að við stöndum saman undir merkjum Kennarasambandsins, sem eru jú okkar regnhlífarsamtök, og séum ekki að ota fram „eigin félaga pólitík“ á þessum vettvangi, heldur að við vinnum öll saman að sama markmiðinu og að róa í sömu átt.



Kristín Stefánsdóttir
Félagi tónlistarskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Ég hef nú setið á ansi mörgum þingum og þetta þing er að mörgu leiti gott, þótt ég sé ekki ánægð að öllu leiti.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Mér finnst ekki nógu vel staðið að kosningunum. Það er mjög ánægjulegt að sjá hversu margir bjóða sig fram til trúnaðarstarfa en það var allt of lítil tími sem ætlaður var í að kynna frambjóðendur svo hægt væri að kjósa á grundvelli einhverrar vitneskju. Þessu verður að breyta og jafnvel að breyta ferlinu þannig að ákvörðunin liggi meira hjá félögum svo hægt verði að tryggja jafnari dreifingu fulltrúa félaganna í nefndum og stjórnunum.

Verður þú vör við niðurskurð til menntamála í þínu starfi og ef svo er hvernig?

Í þeim skóla sem ég vinn, erum við til þess að gera heppin, en maður finnur þetta mjög mikið innan stéttarinnar. Óöryggið gagnvart komandi skólaári er mjög slæmt. Það er svo auðvelt að eyðileggja margra ára og jafnvel áratuga uppbyggingu í skólastarfi með vanhugsuðum aðgerðum.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?

Það er mjög mismunandi eftir því hvar skólarnir eru á landinu og hvert rekstrarformið er. Tónlistarskólustjórar hér í Reykjavík eru til dæmis í mjög erfiðri stöðu. Þar eru skólarnir ekki reknir af sveitafélaginu, heldur eru ýmist sjálfseignastofnanir eða einkaskólar, og þeim er skammtað afar takmarkað fjármagn sem nýta verður eins og hægt er.

Eitthvað að lokum?

Ég vona bara að þrátt fyrir allt verði þessar þrengingar og niðurskurður til þess að þetta saman kennurum og efla skólastarfið þegar til lengri tíma er lítið.



Ólöf Jónsdóttir
Félagi tónlistarskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Ég er mjög ánægð með þingið á heildina lítið. Það er gaman að taka þátt í nefndastörfunum og sjá hversu litríkur og fjölbreyttur hópurinn hér er.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Það er erfiðt að segja, en ég held að ég vildi ekki gera neinar stórvægi- legar breytingar.

Verður þú vör við niðurskurð til menntamála í þínu starfi, og ef svo er hvernig?

Ég finn fyrir miklum niðurskurði í mínu starfi sem tónlistarkennari. Fólk er uggandi um komandi haust, hvernig staðan verði og það þrátt fyrir nýframkomnar upplýsingar um breytingar milli ríkis og sveitafélaga gagnvart tónlistarskólunum. Þetta á auðvitað rætur að rekja til þess að tónlistarnám er ekki skyldunám og hefur því verið ýtt svolítið út af borðinu.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?

Já, mér finnst það. Maður finnur alltaf fyrir velvild gagnvart listinni en auðvitað má lengi gera gott betra.



Valdís Björk Þorsteinsdóttir
Félagi framhaldsskólakennara

Hvernig finnst þér kennaraþingið hafa farið fram?

Mér finnst vel hafa til tekist. Þingið er vel skipulagt og allt hefur gengið vel.

Er eitthvað sem þér finnst hafa betur mátt fara?

Ekkert sem ég man eftir. Eins og ég segi þá hefur skipulagið gengið upp og rennslið hefur verið gott.

Verður þú vör við niðurskurð til menntamála í þínu starfi, og ef svo er hvernig?

Við í Menntaskólanum á Akureyri finnum vissulega fyrir þessu. Hópar eru að stækka hjá okkur, eins og annars staðar. Það er reynt eins og hægt er að skera niður annars staðar en akkúrat í kennslunni en nú erum við farin að finna fyrir því að niðurskurðurinn er farinn að snerta hana.

Finnst þér skólayfirvöld bregðast rétt við stöðunni?

Mér finnst þau hafa staðið sig ágætlega, alla vega hjá okkur. Ég hef það á tilfinningunni að þau séu að gæta hagsmuna skólans, ekki eingöngu sem rekstraraðili, heldur einnig gagnvart faglegu hliðinni.

Þitt sigurmerki
í framtíðinni



V-deild

fyrir ungt fólk sem vill ráða sínum sparnaði

Þú tryggir þér ávallt góðan lífeyri með því að greiða iðgjald til LSS. En þú getur aukid lífeyrisréttindin umtalsvert í **V-deild** - valið að styrkja grunnréttindi eða setja umframgreiðslur í séreignarsjóð.

Kynntu þér málin. Gerðu valið að þínu sigurmerki í framtíðinni.



LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA

Sigtúni 42 • 105 Reykjavík • Sími 5 400 700 • Netfang lss@lss.is • www.lss.is



Úr ávarpi Þórðar Á. Hjaltsted, formanns KÍ, á þingi sambandsins

Þórður Á. Hjaltsted tók formlega við formennsku Kennarasambands Íslands á þingi sambandsins sem fram fór 6. til 8. apríl sl. Þórður var kjörinn formaður í kosningum sem fóru fram skriflega í desember síðastliðnum. Í ávarpi sínu við lok 5. þings KÍ 8. apríl sagði Þórður m.a.

„Nú er komið að lokum 5. þings Kennarasambands Íslands. Þingið hefur verið starfsamt, við höfum gengið frá lagabreytingum, samþykkt að stofna til milliþinganefndar sem skoða á lög og stefnuna fyrir næstu þrjú árin. Nú er það nýrrar stjórnar KÍ undir minni forystu að taka við stjórnun sambandsins og leiða starfið. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka traustið sem félagsmenn hafa sýnt mér með því að velja mig til forystu. Ég vil þakka mótframbjóðanda mínum Elnu Katrínu Jónsdóttur drengilega kosningabaráttu og ég óska henni gæfu og gengis og velfarnaðar í störfum sínum. Ég vil þakka Eiríki Jónssyni, fráfaramandi formanni, sérstaklega fyrir alla þá aðstoð sem hann hefur veitt mér frá því að úrslit kosninga til formanns KÍ voru ljós í desember síðastliðnum. Ég býð nýjan varaformann KÍ, Björgu Bjarnadóttur, sérstaklega velkomna til starfa mér við hlið. Ég hlakka til að starfa með þér Björg, næstu þrjú árin og ég veit að ég hef í þér mjög hæfan staðgengil og samstarfsfélaga. Ég býð allt það góða fólk, sem kosið hefur verið til trúnaðarstarfa á þinginu, velkomið til starfa og óska ykkur til hamingju með kjörið. Ég óska eftir góðu samstafi við ykkur öll. Jafnframt óska ég okkur öllum velfarnaðar í starfi fyrir Kennarasamband Íslands.“

Málsvari allra félagsmanna

Í ávarpi sínu vitnaði Þórður til 21. greinar laga KÍ en þar er ákvæði um hlutverk formanns KÍ, þar segir: „Formaður KÍ er formaður stjórnar sambandsins, og hefur yfirlýsningu með rekstri þess.“ „Svo mörg voru þau orð,“ sagði Þórður og bætti vð að þau væru innihaldsrík, það væri víst. Hann lagði áherslu á að formaður ætti að starfa í þágu allra félagsmanna og það myndi hann gera. „Ég stíg nú til hliðar sem sérstakur málsvari grunnskólakennara, en síðustu sex árin hef ég starfað á

„Frá og með þessari stundu er ég málsvari allra félagsmanna KÍ“

skrifstofu KÍ fyrir grunnskólakennara og verið varaformaður FG jafn lengi. Ég hef jafnframt setið í stjórn KÍ síðustu 6 árin og gegnt stöðu gjaldkera sambandsins. Frá og með þessari stundu er ég málsvari allra félagsmanna KÍ, gegni forystu og hef yfirlýsningu með rekstri kennarasambandsins.“

Þórður sagði meginhlutverk sitt verða að gæta hagsmuna kennarastéttarinnar, hann myndi beita sér í skólamállum í samræmi við skólustefnu KÍ, gæta réttar félagsmanna, vinna að bættum kjörum þeirra, sinna erlendu samstarfi innan EI og NLS og stýra almennum rekstri sambandsins. „Stefna og samþykktir þings eru leiðarljós fyrir starfið næstu þrjú árin.“

Mikið mæðir á kennurum

Mikilvægi kennarastéttarinnar þegar að kreppir í þjóðfélaginu varð að umtalfsni hjá Þórði. „Eins og allir vita þá er samfélagið okkar stótt í miklum ólgusjó, við erum á botni mikillar kreppu. Við höfum á þinginu hlýtt á orð Steingrims J. Sigfússonar, fjármálaráðherra og Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Í máli þeirra var að merkja vonarneista um að botninum væri náð og leiðin lægi upp á við næstu árin. Bæði voru þeirrar skoðunar að verja ætti börn og ungmenni fyrir áhrifum kreppu og efla ætti menntun. Kennarasamband Íslands hefur allt frá hrúni barist fyrir því að skólustarfi verði hlíf við niður-

skurði og fært fram ótal rök fyrir því. Við höfum sett hagsmuni nemenda í fyrsta sæti í allri umræðu um skólalastarfið. Í þessu ástandi mæðir mikið á kennurum. Þeir þurfa að halda andlitinu gagnvart nemendum og skapa þeim traust og öruggt vinnuumhverfi innan skólans. Félagsmenn KÍ hafa orðið fyrir búsiþjum eins og aðrir landsmenn, kaupmáttur hefur rýrnað, mikil verðbólga á sama tíma og laun standa í stað. Nú riður á að við stöndum saman sem stétt og verjum menntun í landinu, jafnframt þurfum við að tryggja kjaralega stöðu okkar í samfélaginu. Háskólamenntun verður að meta til launa og ekki verður lengur unað við að einungis lægstu laun í landinu hækki. Ég skora á ríki og sveitarfélög að ganga til samninga við aðildarfélög KÍ hið snarasta. Mikilvægt er að Alþingi lét ekki undan þrýstingi á að fresta lengingu kennaramenntunar vegna slæms útlits í efnahagsmálum þjóðarinnar. Fimm ára kennaramenntun sé orðin að veruleika á Íslandi. „Ég tek undir með Eiríki Jónssyni, er hann sagði í setningarávarpi þingsins; að lenging kennaramenntunar væri gæfuspor fyrir skólamálaþróun og menntun í landinu.“

Alltaf má bæta það sem gott er

Þóður sagði íslenskt menntakerfi vera gott en það mætti alltaf bæta það sem gott væri. „Íslenskt menntakerfi státar af góðum og vel menntuðum kennurum sem leggja sig fram í starfi sínu og er umhugað um nám og menntun nemenda sinna. Verja þarf kjaratengd réttindi opinberra starfsmanna og eru lífeyrismálin þar efst á baugi. Neo liberalisminn, nýfrjálslyggjan, afsprengi Thatcherismans, er enn á sveimi og okkur stafar ógn af því. Ein birtingarmyndin er fólgin í stefnunni um „new public management“ er þar er meðal annars grafið undan starfi

„Íslenskt menntakerfi státar af góðum og vel menntuðum kennurum“

kennarans sem sérfræðings í kennslu og menntun. Peter Mortimore varaði okkur sérstaklega við þessu og hið sama gerði framkvæmdastjóri Alþjóðasambands kennara (EI), Fred van Leeuwen. Í þessu samhengi er ekki hægt annað en að mótmæla harðlega árásum á réttindi og lífeyrskerfi opinberra starfsmanna.“

Aukin þjónusta

Þóður sagði stefnt að því að bæta þjónustu KÍ, gera enn betur. „Við höfum hér á þinginu ákveðið að hafa félagsgjaldið 1% og það takmarkar möguleika til þess að bæta við þjónustu, enn eru að koma fram hagræðingarhrif af sameiningu okkar allra í eitt stéttarfélag, KÍ. Ég nefndi það í kynningarbréfi mínu til kennara fyrir formannskjörið að ég vildi sjá KÍ þróast til enn meiri samruna og nefndi norsku kennarasamtökin þar sem fyrirmynd. Ég geri mér grein fyrir að allt slíkt tekur tíma og þarfnast mikillar kynningar og umræðu innan sambandsins. Við erum þó að stíga ákveðið skref í þá átt þar sem lengd kennaramenntunar verður nú samræmd milli leik-, grunn- og framhaldsskóla. Mörk milli skólastiga verða með því óljósari og finnst mér eðlilegt að KÍ og aðildarfélög þess skoði möguleika til frekari samruna í framtíðinni.“

Nýtt Lubbaefni fyrir leik- og grunnskóla

Bókin **Lubbi finnur málbein** hefur slegið í gegn í fjölda **leik- og grunnskóla** um land allt.

Nýja efnið styður við innihald bókarinnar:


- stuðlar að lífandi og árangursríku hljóðnámi
- leggur grunn að lestrarnámi
- styður við umskráningu

Byggt er á íslenskri rannsókn á tileinkun íslensku máhljóðanna og notkun tákna og táknrænna hreyfinga til að auðvelda tileinkun máhljóðanna.

Auk þess að vekja áhuga yngri sem eldri barna á máhljóðum og bókstöfum hentar efnið nemendum leik- og grunnskóla með fjölbreyttar sérþarfir. Hér má nefna börn sem eru að læra íslensku sem annað mál og eldri börn sem þurfa stuðning í lestrarnámi og ritun. Efnið nýtist einnig vel börnum með frávik í framburði að viðhöfðu samráði við talmeinafræðinga.

Vörunúmer Tegund

MAL001	Íslensku máhljóðin: Lubbi finnur málbein, veggspjald
MAL002	Hljóðastafrófið: Lubbi finnur málbein, veggspjald
MAL003	Lubbi finnur málbein: Íslensku máhljóðin sýnd & sungin, DVD



Höfundar:
Eyrún Ísfold Gísladóttir
og Þóra Másdóttir,
talmeinafræðingar



Smáratorgi 1 Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Gleráreyrum, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

Skrifstofa og skóli

Svipmyndir frá fimmta þingi Kennarasambands Íslands



Þingfulltrúar



Þinggestir frá NLS: f.v Anders Rusk, Titti Rusk, Haldis Holst, Dan Johansson og Anders Bondo Christensen



Núverandi og fyrrverandi formenn ásamt þingfulltrúum



Kynning á nefndastörfum



Formaður og varaformaður KÍ, Þórður og Björg



Kjörkassinn



Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

Svipmyndir frá fimmta þingi Kennarasambands Íslands



Umræður



Nefndarstörf



Kaffihlé



Þinggögn afhent




Fjármálaráðherra og aðrir þinggestir



Kórsöngur í Ásmundarsalnum



Samvera í Ásmundarsalnum



Fundarstjórn

Texti: Tryggvi Guðmundsson

Menntakerfi í fremstu röð byggt upp úr rjúkandi rústum

Finnar gengu í gegnum djúpa efnahagslægð á tíunda áratug síðustu aldar. Staða þeirra þá minnr um margt á stöðu Íslendinga í dag. Til að koma þjóðarskútnni aftur á réttan kjöl litu Finnar meðal annars til menntakerfis síns, stefnan var að byggja upp öflugan þekkingariðnað og átti að byrja á grunnnáminu. Þrátt fyrir minni fjárráð og þrengingar náðu Finnar góðum árangri með endurskipulagningunni, svo góðum reyndar að nú er menntakerfi þeirra talið eitt það öflugasta í heimi, sé litið til tölfraði PISA. Beinast liggur því við að kanna hvað Finnar gerðu og hvort við getum gert það sama. Kennarasambandið fól Capacent að gera ráðgefandi skýrslu um finnsku endurbæturnar og hvort og þá hvernig við getum nýtt okkur reynslu þeirra. Eftirfarandi er gróf samantekt á niðurstöðum skýrslunnar.

Árið 1991 hrundi finnska efnahagskerfið. Meginástæður þess má rekja til samspils bankakreppu og falls Sovétríkjanna. Atvinnuleysi fór í um fimmtung af mannafla og landsframleiðsla dróst saman um 10% til ársins 1993. Óhjákvæmilegt var að grípa til róttæks niðurskurðar opinberra útgjalda og var verulega skorið niður í velferðar-, mennta- og heilbrigðismálum. Fljótlega eftir hrundi skapaðist almenn samstaða um að náttúruauðlindir myndu ekki bjarga Finnum úr kreppunni. Þverpólíttískt sátt varð um að gera samskiptatækni (e. telecommunication) og lífefnafræði (e. biochemistry) að kjarnahæfni í nýju Finnlandi og í kjölfarið hófst vinna víða í finnsku samfélagi við að raungera þá framtíðarsýn. Áhersla var því lögð á eflingu mannaúds og menntunar en á sama tíma þurfti að skera niður í menntakerfi landsins vegna efnahagskreppunnar. Án greiningar og mats kann slík fyrirtælan að hljóma mótsagnakennd, það er að stefna að stórum jákvæðum markmiðum á niðurskurðartímum.

Aðferð Finna til að ná þessum markmiðum samhliða byggðist á viðtæku samráði allra helstu hagsmunaaðila um aðgerðir og samræmingu þeirra. Viðbrögð finnskra stjórnvalda við kreppunni byggðust þó ekki á einni umfangsmikilli og samhangandi aðgerðaáætlun. Þess í stað var tekinn fjöldi sjálfstæðra ákvarðana sem virkuðu samverkandi á heildina.

“Finnar telja nú að skynsamlegra hefði verið að efla tengsl menntakerfis og vinnumarkaðar og fyrirtækja”

Til að komast til móts við niðurskurð í menntakerfi landsins var uppbyggingu þess breytt og valddreifing aukin. Sveitarfélögum var veitt auknið sjálfræði við mótun menntastefnu. Vald skólastjórnenda til forystu var auknið, áhrif kennara á mótun námskrágerðar, kennsluáferða og kennsluefnis var aukin og í nýrri aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins mátti finna skýr markmið í átt að „nýju“ þekkingarsamfélagi en skólunum var í sjálfsvald sett hvaða leið þeir fóru til að ná fram þeim markmiðum. Úr þessu þróaðist nýtt finnskt menntakerfi sem hefur markað sér sess sem eitt hið fremsta í heimi á tiltekna mælikvarða. Samhliða nýju sterku finnsku menntakerfi eru vel

greinanleg tengsl á milli opinberra rannsóknastofnana og háskóla, annars vegar og fyrirtækja hins vegar og slíkt var forsenda þess að efla rannsóknir sem falla að þörfum atvinnulífsins. Slíkt er áberandi í finnsku samhengi þegar litið er til árangurs á sviði samskiptatækni.

Þrátt fyrir að hafa náð sér hratt upp úr djúpri kreppu festust Finnar í gildru langtímaatvinnuleysis. Þetta gerðist þrátt fyrir markvissar aðgerðir, ekki síst á sviði menntamála. Einkum voru það minnihlutahópar og þeir sem stóðu höllum fæti fyrir í samfélaginu og þeir sem voru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, að loknu námi, sem urðu hvað verst úti. Þessi hópur einstaklinga hefur oft verið nefndur „týnda kynslóðin“ í Finnlandi.

Finnar telja nú að skynsamlegra hefði verið að efla tengsl menntakerfis og vinnumarkaðar og fyrirtækja. Þannig hefðu atvinnulausir ekki fest sig í sértækum menntunarúrræðum og ekki fengið á sig „stimpil atvinnuleysis“, heldur fengið aðgengi að tengslum og haldþærri reynslu. Slíkt hefði einnig orðið til að hafa áhrif á viðhorf viðkomandi einstaklinga gagnvart atvinnu.

Gangi þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá apríl 2011 eftir í meginatriðum má gera ráð fyrir að sá íslenski áhættuhópur, sem um ræðir í þessu samhengi, telji að minnsta kosti fimm árganga á hverju skólastigi. Verkefni stjórnvalda, almenning og hagsmunaaðila er að tryggja að þessir árgangar verði ekki fyrir skerðingum sem leitt geta til persónulegs og þjóðfélagslegs kostnaðar síðar.

Greina má rauðan þráð í árangri Finna. Hann er getan til þess að ræða sig til niðurstöðu án swardægra og þess að bera ágreining á torg með tilheyrandi kostnaði við að þurfa að bakka með mál opinberlega. Því er mikilvægt að stjórnvöld, almenningur og hagsmunaaðilar finni leiðir til að ná sátt um breytingar á sviði fræðslumála sem eru til þess fallnar að tryggja að einstaklingar sem nú eru á skólaaldri njóti eins góðrar menntunar og frekast er unnt.

Margt bendir til að hægt sé að nýta reynsluna af dreifstýrðu menntakerfi Finna hér á landi. Finnar sýndu fram á að hægt væri að ná fram samfélagslegum ávinningi og á sama tíma auka gæði og nýsköpun í kennslu. Væri þessi leið farin á Íslandi yrði á fyrstu stigum að styðja sveitarfélögin og skólana. Sú aukna ábyrgð sem sveitarfélögin, skólastjórnendur og kennarar þyrftu að axla yrði að vera háð reglulegri skoðun ytri aðila, til dæmis mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Það er skýr samsvörun á milli aðgerða Finna og þeirra markmiða sem birtast í stefnu íslenskra stjórnvalda og í Ísland 20/20. Markmið eru skilgreind um jafnan aðgang einstaklinga að menntun óháð efnahag. Þá er skýrt markmið hjá stjórnvöldum að hlífa, eins og frekast er unnt, félags-, heilbrigðis- og fræðslumálum við fullum þunga aðhalds- og hagræðingaraðgerða. Þá er fjallað um samráð við notendur þjónustu í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og að áhættumat verði ávallt lagt til grundvallar ákvörðunum um niðurskurð og sameiningu stofnana og þess freistað að leggja mat á hætta á auknum kostnaði til lengri tíma litið. Félagsgerð Íslands er um margt ólík félagsgerð Finnlands en krafa almenning og fyrirtaks þjónustu á sviði fræðslumála og þarfir barna og ungs fólks eru sambærilegar. Mikilvægt virðist, í ljósi reynslu Finna, að hagsmunaaðilar leiti markvisst og óhikað nýrra og framsækinnna leiða til að mæta þessum þörfum og tryggja þannig að börn og ungmenni gjaldi ekki fyrir þá kreppu sem nú ríkir á Íslandi.

HAUSTSÝNING NÁMSGAGNASTOFNUNAR 16. ÁGÚST

Þann 16. ágúst nk. verður árleg sýning Námsgagnastofnunar á öllu efni sem stofnunin gefur út fyrir grunnskóla. Sýningin er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og verður haldin í hús-næði þess við **Stakkahlíð í Reykjavík**. Námsgagnastofnun mun einnig bjóða upp á fræðslufundi og kynningar á nýút-komnu námsefni.

Sýningin verður frá kl. 8:30–15:00

Auk þess taka eftirtaldir þátt í sýningunni:

- A4 Skrifstofa og skóli
- Barnasmiðjan
- Bjartur – Bókaútgáfa
- Bókaútgáfan Tindur
- Bókaútgáfan Unga ástin mín
- Forlagið – Bókaútgáfa
- Félag Sameinuðu þjóðanna
- Hið íslenska bókmenntafélag
- Hlusta.is
- IÐNÚ – Bókaútgáfa
- Íris Arnardóttir – Lífsleikni
- Krass
- Lýðheilsustöð
- Numicon
- Skólavefurinn
- Spilavinir
- Steinn.is
- Stoðkennarinn
- TMF – Tölvumiðstöð
- Varmás – SMART töflur o.fl.

Bókasafn Menntavísindasviðs verður opið meðan á sýningunni stendur.

Allir
velkomnir!

Listi yfir fræðslufundi verður
sendur í alla skóla í lok maí.



Texti: Drífa Þórarinsdóttir
Myndir: Úr safni leikskólans



Leikskólalæsi í leikskólanum Kiðagili á Akureyri

Í drögum að nýjum sameiginlegum hluta aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla er læsi einn af grunnþáttum menntunnar auk sjálfbærni, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis og sköpunar. Þar segir að á fyrstu skólastigum skuli sérstök áhersla lögð á lestur, ritun og tjáningu á móturmáli og öðrum helstu táknerfum. Þar segir einnig að skólastigin hvert fyrir sig þurfi að taka mið af grunnþáttunum fimm á þann hátt að samfella sé milli þeirra, að þeir tengist innbyrðis og séu háðir hver öðrum. Í drögum að aðalnámsskrá leikskóla segir að leggja skuli áherslu á læsi í víðum skilningi sem felur í sér hæfni, þekkingu, leikni og viðhorf barna til að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Að þróa læsi og öðlast skilning á því að ritað mál og tákni hafi merkingu. Leikskólinn Kiðagil á Akureyri hefur löngum lagt áherslu á markvissa málörvun og umhverfi þar sem ritmál er sýnilegt í þeim tilgangi að hvetja til læsis. Vorið 2009 var ákveðið að hefja þróunarvinnu með þennan þátt skólastarfsins og ber það verkefni heitið „Leikskólalæsi“.

Leikskólalæsi

Kveikjan að þróunarverkefninu var að skapa verkfæri til að dýpka og stuðla að markvissari vinnubrögðum kennara með læsi nemenda sinna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Kennsluþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Allir starfsmenn skólans hafa lagst á eitt við að vinna markvissast að eftirfarandi marmiðum:

- að styrkja málvitund barnanna.
- að veita skipulega málörvun sem stuðlar að eðlilegri færni í íslensku.
- að samþætta hina mörgu þætti máls, s.s. lestur, ritun, tal og hlustun.
- að hafa markvissa og heildstæða læsiskennslu frá upphafi skólagöngu nemenda.
- að þróa vinnubrögð í læsiskennslu í leikskóla.

Leiðir og aðferðir

Í upphafi verkefnis var haldinn fundur með öllu starfsfólki þar sem kynnt var ákveðin vinnuaðferð, Byrjendalæsi, og var hugmyndin að aðlaga hana að starfi leikskólans. Að lokinni kynningu og kennslu á vinnulagi fóru allir til sinnar deildar og útbjuggu kennsluáætlun fyrir sinn barnahóp, en hver deild er aldurshrein: 2 ára, 3 ára, 4 ára, og 5 ára. Þegar hafin var kennsla eftir þeim kennsluáætlunum rákust margir á veggj hér og þar, sem eðlilegt er, en á þessum tveimur árum sem verkefnið hefur staðið yfir hafa kennarar náð að þróa ákveðnar leiðir í læsiskennslu fyrir hvern aldurshóp. Auk þess að nýta bækur og bókstafi við læsiskennslu er fjölbreyttur efniviður nýttur og kennsla fer fram í gegnum leikinn. Samfella er milli þeirra fimm þátta sem drög að nýrri aðalnámsskrá kveða á um að séu grunnþættir til menntunnar.



Tveggja ára:

Með tveggja ára börnunum eru það myndir og hugtakavinna sem stendur hæst, bókaletur, söngur, leikræn tjáning og vinna með bókstafi barnanna. Ritmálið er sýnilegt og byrja börnin á því að finna stafinn sinn í ritmáli sem verður á vegi þeirra. Unnið er með

hrynjanda máls, að klappa með söngvum, nota hljóðfæri til að slá taktinn eða jafnvel hoppa. Starfið á yngstu deildinni byggir á því að efla einstaklinginn og að börnin læri að þekkja sig sjálf. Bækur eru valdar í tengslum við þema hverju sinni t.d. þegar þema vikunnar er tilfinningar lesur við bækur um tilfinningar, syngjum söngva um tilfinningar, skoðum myndir af fólki sem sýna mismunandi svipbrigði og ræðum um eigin líðan auk þess að vinnu með sköpun.

„Auk þess að nýta bækur og bókstafi við læsiskennslu er fjölbreyttur efniviður nýttur og kennsla fer fram í gegnum leikinn“



Þriggja ára:

Með þriggja ára börnum er unnin meiri hugtakavinna og börnin læra að para saman orð og mynd. Í byrjun er lögð áhersla á að börnin þekki „sinn“ staf og með aukinni færni læra þau að þekkja nafnið sitt. Rím er liður í læsiskennslunni og einnig hrynjandi máls, slá takt og atkvæði. Frásagnir og

sögugerð er einnig liður í starfinu. Verkefnavinna er í tengslum við þau sjálf og líkama þeirra. Einnig eru unnin verkefni tengd húsdýrunum. Bækur eru valdar sem henta þema hverju sinni, unnið er með ákveðin lykilorð samkvæmt því og upphafsstafi orða. Sköpun og tjáning er stór liður í allri vinnu með börnunum.



Fjögurra ára:

Með fjögurra ára börnum er vinnunni haldið áfram með bókstafina og núna er lögð áhersla bæði á sjónræna þekkingu og hljóðvitund, að læra að hver stafur á sér ákveðið hljóð. Þau læra að skrifa nafnið sitt með því að hljóða sig áfram og með aukinni færni fara þau

að hljóða sig í gegnum sýnilegt ritmál. Ritun er liður í starfinu, byrjar með frjálsri ritun þar sem börnin búa til bull-orð en sum börn hafa nú náð leikni í að hljóða sig áfram og skrifa orð. Unnin eru verkefni í tengslum við þau sjálf, fjölskylduna og umhverfi þeirra. Mikið er um vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir og tengist læsisvinnan þeim ferðum. Bækur eru valdar með tilliti til þemavinnu hverju sinni og unnið með ákveðin lykilorð samkvæmt því. Tjáning og sköpun er stór liður í starfinu, börnin koma með bréf að heiman, lesa fyrir börnin og útbúa hin ýmsu listaverk í tengslum við hvert þema.



Fimm ára:

Með fimm ára börnum er læsiskennslan orðin mjög þróuð og börnin fær í að takast á við flókin verkefni sem byggja á læsi og ritun. Unnið er markvissst með ákveðna bók – þema í ákveðinn tíma og unnið út frá völdum



lykilorðum. Börnin vinna verkefni tengd bókinni og er mikil áhersla lögð á listsköpun og ritun í þeirri vinnu. Í upphafi vinna börnin með lykilorðin, skrifa þau og hljóða sig áfram en með aukinni færni eru orðin bútuð niður og þau búa til ný orð. Læsisvinnan er tengd inn í allt starf barnanna og er leikurinn hafður að leiðarljósi í allri vinnu. Skrif-færi eru alltaf sýnileg í leik barnanna og þau hvött til að merkja öll verkefni.

Mat á starfinu og framhald á Leikskólalæsi

Auk reglulegra funda og skráninga í máli og myndum hefur verið hannaður matslisti sem nú er kominn í notkun. Að minnsta tvisvar á ári skráir hópstjóri hvers barns stöðu barnanna, þ.e. merkir við þá þætti sem börnin hafa náð. Listinn er aldursskiptur sem gerir það að verkum að ef barn sýnir mikla getu eða litla geta kennarar fylgst betur með stöðu barnanna og fundið leiðir til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Á hverju ári er gerð könnun á sjónrænni bókstafaþekkingu barnanna á hverri deild, til að fylgjast með framförum barnanna.

Það er mat kennara og skólastjórnenda að mikil þróun hafi orðið í vinnu varðandi læsi í Kiðagili þau tvö ár sem verkefnið hefur staðið yfir. Sú þróun hefur skilað sér í skemmtilegri verkefnavinnu, fjölbreyttari vinnubrögðum og áhuga kennara til að finna og/eða útbúa skemmtileg verkefni sem stuðla að læsi. Hver deild hefur þróað ákveðnar leiðir til að aðlaga verkefnið að hverjum aldurshópi með tilliti til þroska barnanna og kennararnir hafa náð að byggja upp meiri þekkingu á læsi barna. Þess má geta að vorið 2010 voru 21 barn af 24 börnum á elstu deild skólans orðin læs sem segir mikið til um það hversu vel hefur náðst að halda utan um verkefnið og það skilað þeim árangri sem við væntum. Þó svo þróunarverkefninu ljúki formlega nú á vordögum hefur verið tekin ákvörðun um að halda áfram að þróa Leikskólalæsi í Kiðagili með það að markmiði að útbúa handbók fyrir kennara, markmið og leiðir í heildstæðri læsiskennslu, auk áframhaldandi vinnu við þróun og hönnun á fjölbreyttum verkefnum.

Á heimasíðu Kiðagils er fjallað um þróunarverkefnið í máli og myndum. Sjá vefslóð: kidagil.akureyri.is/Kidagil/lestrarnam/lestrarnam.htm



Nótan - uppskeruhátíð

Texti: Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskóla, var haldin öðru sinni á yfirstandandi vorönn. Svæðistónleikar hátíðarinnar fóru fram á þremur stöðum, í Stykkishólmi, á Eskifirði og í Reykjavík. Á öllum tónleikunum voru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi tónlistarflutning og ákveðinn fjöldi atriða fékk verðlaunagrip hátíðarinnar sem veitti þátttökurétt á lokatónleikum hátíðarinnar.

Á dagskrá lokatónleikanna voru 25 tónlistaratriði frá tónlistarskólum af öllu landinu þar sem um 260 tónlistarnemendur á öllum stigum tónlistarnáms stigu á stökk og fluttu mjög svo fjölbreytt tónlistaratriði sem spönnuðu stóran hluta tónlistarsögunnar. Tónleikagestir troðfylltu Langholtskirkju og á lokaathöfninni fylltist einnig safnaðarheimilið og kirkjan var hreinlega opnuð upp á gátt en troðið var út úr dyrum. Stemmingin var gríðarleg þar sem spilagleði, metnaður og eftirvænting einkenndi andrúmsloftið.

Tónlistarþjóð

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, flutti ávarp á lokaathöfn Nótunnar og ræddi meðal annars um gildi tónlistar fyrir lífið

sjálft og mikilvægi tónleika eins og Nótunnar til að sýna kraftinn í íslenskum tónlistarskólum. Í máli hans kom fram að hann teldi ekki síður ástæðu til að kalla Íslendinga tónlistarþjóð en bókmenntaþjóð.

Valnefnd skipuð Halldóri Haraldssyni, píanóleikara, Þóri Baldurs-syni, tónskáldi og Mist Barböru Þorkelsdóttur, deildarforseta tónlistardeildar Listaháskóla Íslands, fékk það erfiða hlutverk að velja nfu framúrskarandi atriði sem fengu sérstakar viðurkenningar og verðlaunagrip hátíðarinnar „Nótuna“. Verðlaunagripurinn er hannaður af listakonunni Svövu Björgu Einarsdóttur og merki hátíðarinnar, sem hannað er af nemanda við Listaháskóla Íslands, er greytt í gripinn. Hjálmar H. Ragnarson sá um afhendingu viðurkenningarskjala og verðlaunagripa

Stuðningur við Nótuna

Einnig fengu verðlaunahafar styrk frá Ítalska félaginu á Íslandi og Ítalska sendiráðinu í formi gjafabréfa hjá Tónastöðinni. Pamela De Sensi, formaður Ítalska félagsins á Íslandi og Pétur Björnsson, ræðismaður Ítalíu á Íslandi, afhentu handhöfum „Nótunnar“ styrkinn og færa aðstandendur Nótunnar þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn. Þá færa skipuleggjendur Tónastöðinni bestu þakkir fyrir stuðning við hátíðina.



tónlistarskóla

Myndir og upptökur á www.notan.is

Myndir frá öllum tónleikum Nótunnar má sjá á heimasíðu uppskeru-hátíðarinnar www.notan.is. Upptökur frá þremur tónleikum eru komnar inn á síðuna og síðustu upptökurnar verða settar inn á síðuna á næstu dögum.

Viðurkenningar voru veittar í þremur þátttökuflokkum sem fylgja námsáföngum tónlistarnáms, grunnnámi, miðnámi og framhaldsnámi. Viðurkenningar voru veittar fyrir einleik/einsöng, fyrir samleik/samsöng og fyrir frumsamið efni eða frumleg atriði. Verkefni valnefndar var ekki létt enda flutningur tónlistarnemendanna frábær og allir greinilega staðráðnir í að gera sitt allra besta. Upplýsingar um þátttakendur og verðlaunahafa má finna á www.notan.is.

Sjónvarpsþáttur um Nótuna

Í kjölfar lokatónleika hátíðarinnar tók RUV upp þau níu atriði sem fengu „Nótuna 2011“ og unnið er að gerð sjónvarpsþáttar um Nótuna sem sýndur verður innan tíðar.





Hálfván Örnólfsson

Texti & myndir: Haraldur Bjarnason

Höfum dregist aftur úr með fjarnámið – Ráðuneytið þarf að taka sig á

- segir Hálfván Örnólfsson kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri

Fjarkennsla hefur verið stunduð frá Verkmenntaskólanum á Akureyri allt frá árinu 1994 og var skólinn með fyrstu framhaldsskólunum til að bjóða upp á fjarnám. Hálfván Örnólfsson kennari við VMA hefur komið að fjarkennslu við skólann allt frá því hún hófst fyrir 16 árum.

„Við vorum nú ein að gutla í þessari fjarkennslu fram til 2001 en þá komu fleiri skólar inn eins og til dæmis Ármúlaskóli. Við teljum okkur því vera frumkvöðla á þessu sviði því við vorum með fyrstu framhaldsskólunum í heiminum á þessu sviði enda þessi fjarkennsla hér nokkurn veginn jafngömul internetinu. Snemma varð þetta dálítið stórt hjá okkur. Lengst af voru það ígildi 150-200 nemenda sem stunduðu fjarnám en síðustu misserin hefur þetta nám verið skorið býsna mikið niður. Ætli þetta séu ekki eitthvað um 100 nemendaígildi núna,“ segir Hálfván

Nemendur í fjarnámi þurfa að greina ákveðið einingagjald en það er reyndar háð því á hvaða forsendum þeir stunda námið. „Þetta eru í sumum tilfellum nemendur sem settir eru í fjarnám af skólanum sjálfum vegna þess að vissar einingar eru ekki í boði þá önnina. Þá þurfa þeir ekki að borga þetta einingagjald en ef hins vegar nemendur óska sérstaklega eftir fjarnámi sjálfir þurfa þeir að borga þetta einingagjald, sem ég þekki að vísu ekki hve mikið er held þó að það sé ekki íþyngjandi.“

Mikið framboð fjarnáms við VMA

Hálfván segir að reynt hafi verið að halda úti öllum bóklegum áföngum við VMA í fjarnámi. „Að vísu dekkar fjarnámið ekki alveg allt náms-

„Í fjarnámi eru fyrst og fremst nemendur sem vilja rétta sig af í námi“

framboðið hér því það er mjög breytt í þessum skóla. Þetta hafa verið vel á annað hundrað áfanga og þeirra á meðal hafa verið áfangar sem alls ekki eru í boði í dagsskóla. Þar get ég nefnt latínu, rússnesku og ýmislegt fleira. Þetta er mjög mikið framboð og þótt við séum ekki með stærstu fjarkennsluna í dag þá held ég að námsframboð okkar sé það mesta hér á landi.“ Hann segir iðnnema þó ekki vera í þessum hópi nema í einstaka bóklegum fögum. Meistaraskóli iðnaðarmanna er í boði í fjarnámi, enda eru þeir nemendur fyrst og fremst að læra praktíska hluti fyrir iðnmeistara eins stjórnun, bókhald og fleira sem lítur að sjálfstæðri starfsemi iðnaðarmanna.

Nemendur í fjarnámi við VMA koma víða að af landinu auk heimanna á Akureyri sem þó séu líklega fleiri en aðrir. „Þegar við fórum af stað með fjarnám var það aðallega hugsað fyrir nemendur sem áttu einhverra hluta vegna erfitt með að stunda staðbundið nám. Það gat verið vegna búsetu, félagslegra ástæðna, sem geta verið margar eins og veikindi, fjölskyldufólk með ung börn, sjómenn á hafi úti, fangar í

„Þetta þýðir að fjarkennsla kemur mjög illa út hvað gæði varðar“

fangelsum og fleira. Þetta nám er líka hentugt fyrir þá sem vilja flýta fyrir sér í námi og taka eitthvað aukalega í fjarnámi með öðru námi. Þannig vorum við búin að skilgreina alls konar hópa í upphafi sem við vildum reyna að ná til og þjóna. Framan af féll uppistaðan af þeim sem stunduðu fjarnám nokkuð undir þessar skilgreiningar. Nú hefur það hins vegar gerst, bæði hjá okkur og ekki síður hjá framhaldsskólunum á höfuðborgarsvæðinu, að í fjarnámi eru fyrst og fremst nemendur sem vilja rétta sig af í námi. Þeir eru oft á framhaldsskólaaldri en hafa dregist aftur úr með því að falla í einhverjum áföngum eða þá tafist að einhverjum öðrum ástæðum. Þetta hefur m.a. orðið til þess að eftirspurn hefur aukist eftir sumarnámi, þótt við séum ekki með það, hins vegar eru bæði Verslunarskólinn og Fjölbraut í Breiðholti með sumar-áfanga, sem eru svona skemmri skírn, ef maður getur sagt svo. Þannig nám getur oft bjargað miklu hjá fólki sem vantar lítið upp á að halda sínu striki í framhaldsskóla. Mín tilfinning er að fjarkennslan hafi þróast svolítið mikið á þennan hátt þótt ég hafi ekki neinar haldbærar tölur um það. Þessir gömlu hópar sem við lögðum upp með eru þó enn til staðar.“

Engin þróun í áratug

Hálf dán segir að þótt nemendur séu alls staðar af að landinu og jafnvel í öðrum löndum þá sé nú stærsti hluti þeirra tiltölulega nálægt Akureyri. Munurinn á VMA og skólunum á höfuðborgarsvæðinu sé sá að nemendur þeirra skóla séu aðallega af höfuðborgarsvæðinu en VMA nemendur séu af Eyjafjarðarsvæðinu og annars staðar af landinu. „Fjar-nemar þurfa ekkert að koma til okkar hingað í skólann nema þá til að taka próf. Við erum líka með prófstaði út um allt land, þannig að í festum tilfellum þurfa nemendur að fara langa leið í próf. Þau geta þeir tekið í grunnskólum eða hjá símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni.“ Hálf dán segir það sorglega við fjarkennsluna sé að fjarkennslan hafi lítið þróast í um áratug eða svo. Breytingar séu helstar á því hvers konar kennsluferfi séu notuð. Hann segir helsta vandamálið vera það að ekki hafi verið búnað til reglur eða viðmið það hvernig stunda skuli fjarkennsluna. „Þar af leiðandi hafa menn hjakkað svolítið í farinu með þetta fjarnám í áratug eða svo. Við sem vorum mjög framalega fyrir einum og hálfum áratug erum nú á eftir öðrum þjóðum á þessu sviði.“

Aðrar þjóðir, sem voru jafnvel á eftir okkur í fyrstu, hafa fyrir löngu sett sér reglur og viðmið um hvernig skuli stunda þetta.“

Bandaríkjamenn hafa sett viðmið

Hvers vegna hefur þetta ekki verið gert. Er ekki auðvelt að setja svona reglur og viðmið með því að setja upp eitthvað mólél sem notað hefur verið, t.d. á Norðurlöndunum eða hjá öðrum Evrópuþjóðum?

„Það væri kannski frekar að skoða hvað Bandaríkjamenn hafa verið að gera. Þeir hafa verið duglegir að búa til staðla um hvernig fjarkennsla skuli stunduð. Norðurlandabúar hafa verið mjög íhaldssamir gagnvart fjarkennslu. T.d. hafa Svíar ekki viljað nota fjarkennslu í framhaldsskólum nema með mjög ströngum skilyrðum. Þeir hafa miklar áhyggjur af gæðapættinum eða m.ö.o. því að nemendur fái ekki nógu góða þjónustu þannig að fjarkennslan þar er undir mjög ströngu skilyrðum um hvernig búið skuli að nemanda í þeim skóla sem hann er skráður í. Þannig er t.d. fjarkennsla í Svíþjóð ekki stunduð nema nemandi í fjarkennslu sé með tryggnastuðning í sínum heimaskóla. Þeir hugsa þetta til að hægt sé að bjóða nemanda á fjarlægum stað, t.d. norðarlega, upp á nám í einhverjum áfanga sem ekki er í boði í hans skóla en þá verður líka að tryggja að hann hafi þjónustu í heima-skólanum. Bandaríkjamenn hafa sett sér viðmið sem menn telja sér skylt að fara eftir en sú vinna hefur ekki verið unnin hér á Íslandi.“

Bitu snemma í sig að þetta væri ódýr kostur

Hálf dán segir að út af þessu sé ákveðin krísa hér á landi varðandi fjarkennsluna sem valdi erfiðleikum við að halda þessari starfsemi gangandi. Augljóst er að ganga þarf í þetta verk. „Það er ákveðin fyrirstaða varðandi fjarkennsluna og sú fyrirstaða er því miður í ráðuneytinu. Fólk virðist hafa bitað það í sig snemma að þetta væri kennslukostur sem hlýti að vera miklu ódýrari en önnur kennsla. Það virðist ekki hafa komist upp úr því hjólfari ennþá. Þar af leiðandi hefur í ráðuneytinu verið forðast að fjalla um gæðapáttinn því það þýðir að þá þarf að útbúa einhvers konar verklýsingar fyrir fjarkennsluna og sennilega líkar ráðuneytisfólki ekki það sem það sér þegar byrjað er á þeirri vinnu. Þá birtist líklega ýmislegt sem stangast á við þær hugmyndir sem fólk var fyrir fram búið að bíta í sig að þetta væri svo rosalega ódýrt og hagkvæmt.“



„Ég er gallharður á því að búa þurfi til viðmið“

Mikið fall í fjarnámi

Nýlega kom út skýrsla um fjarkennslu og Hálfán segir ýmislegt mega lesa út úr þeirri skýrslu. „Já það er ýmislegt hægt að lesa út úr skýrslum og túlka á ýmsan veg og það er talsvert vísað í þessa skýrslu. Það sem merkilegt er við þessa skýrslu er að mikilvægustu niðurstöðum hennar er ekki hampað neitt sérstaklega.“ Hann nefnir dæmi. „Það er gífurlegt brottfall í fjarkennslu, miklu meira en í dagskóla og það sem er ekki síður slæmt er að það er gífurlegt fall í fjarkennslu. Þannig að ef maður fer að velta fyrir sér hvaða árangur sé að nást í fjarkennslu og reynir að búa til einhvern mælikvarða á það. Þá kemur í ljós að þegar best lætur eru um 60% af þeim sem skrá sig í fjarkennslu að klára sig í gegnum námið. Þegar verst lætur er niðurstaðan aðeins um 30%. Þá er ég að miða við útkomu í mörgum skólum, sem vinna þetta með mismunandi hætti. Þetta stenst engan samanburð við dagskóla. Því er það augljóst að gæði fjarkennslu eiga langt í land með að ná því sem er í dagskól-anum. Það er í sjálfu sér eðlilegt ef maður veltir fyrir aðstöðumun kennara, sem er með nemendum hjá sér í kennslustofu, eða þess sem þarf að sinna þeim í gegnum tölvu. Þetta þýðir að fjarkennsla kemur mjög illa út hvað gæði varðar og ef vilji er fyrir því að stunda fjarkennslu með sambærilegum gæðum þá verður að búa til einhvern gæðaramma um hvernig hún skuli stunduð. Það er líka augljóst að þeir skólar, sem leggja upp úr því að halda uppi og rækta samskipti við nemendur, koma betur út. Þrýstingurinn frá ráðuneytinu er því miður í öfuga átt. Þar á bæ stendur viljinn til að draga úr þjónustunni og einblína á kostnaðarhagræðingu sem er síðan að skila þessum hörmulega árangri.“

Fjarnám er hagkvæmt fyrir alla

Fjarkennsla hefur frá upphafi þótt bæta aðgang fólki að námi. Aðstæður eru mismunandi hjá fólki og því ekki auðvelt um vik fyrir alla, sem vilja fara í nám, að stunda dagskóla. Þannig hafi fjarkennsla leyst vanda margra sem annars hefðu ekki kost á framhaldsskólanámi. Hálfán

segir þetta augljóst. „Tökum bara dæmi um fólki sem býr fjarri framhaldsskólum og getur með þessum hætti stundað nám án þess að leggja í gífurlegan kostnað við búsetuflutninga vegna náms. Síðan getur fólki stundað þetta nám með vinnu og það getur stundað fjarnám þrátt fyrir ýmsar hamlarnir. Það er því gríðarleg hagkvæmni í fjarnámi fyrir almenning og það er líka gríðarleg hagkvæmni í þessu fyrir hið opinbera eða þann sem býður upp á fjarnám. Með þessum hætti er hægt að fá fleira menntað fólki út í þjóðfélagið, fólki sem ekki hefði átt kost á því að mennta sig án fjarnáms. Þar fyrir utan er með fjarnámi hægt að leysa ýmis mál með ódýrari hætti en hefur verið gert því með þessu skapast auðvitað möguleikar fyrir litla skóla á landsbyggðinni að styrkja námsframboð sitt. Þrátt fyrir að við hér í VMA séum að bjóða þetta nám á dýrasta máta, samkvæmt mati ráðuneytisins, þá erum við á pari við dagskóla þegar við tölum um 15 nemenda hóp eða svo. Það er nú bara ekki alls staðar auðvelt að halda úti 15 nemenda hópi framhaldsskólana á landsbyggðinni enda kemur það í ljós að kostnaður við okkar fjarkennslu er langt undir því sem þarf að kosta til fámennra framhaldsskóla á landsbyggðinni.“

Flestir stunda námið við tölvuna heima

Hálfán segir mjög misjafnt hvernig nemendur stundi fjarnám sitt. Flestir stundi það við tölvuna heima en dæmi séu um að nemendur mæti í fjarkennslustofur annars staðar á landinu til að stunda sitt nám. „Ég veit t.d. til þess að nemendur í Fjölbrotaskóla Snæfellinga í Grundarfirði hafa verið að nota sér fjarkennslu annars staðar frá en bjuggu sér til ramma utan um þetta í skólanum og hafa þá verið með einhvern tíma-ramma utan um það. Flestir eru þó bara með þetta í tölvunni heima og þá er það sjálfsaginn sem skiptir miklu máli. Enda er það svo að fjarnám hentar alls ekki öllum og kannski hentar það síst þeim sem mest nota fjarnám, þ.e.a.s nemendum sem flosnað hafa um úr námi í dagskóla. Þeirra fjarnám þyrfti svo sannarlega að fara fram undir einhvers konar eftirliti þar sem þeir hefðu bæði aðhald og aðstoð.“

Í Verkmenntaskólanum á Akureyri eru það fyrst og fremst bóknámskennararnir sem koma að fjarnáminu eða um þriðjungur allra kennara. Auk þess kenna þar margir í fjarkennslu sem starfandi eru við aðra skóla og einnig kennarar sem stunda ekki aðra kennslu. Hálfán segir t.d. að lengi vel hafi verið kennari í Skotlandi, sem kenndi ensku en eins komi við sögu kennarar af höfuðborgarsvæðinu og víðar af landinu. „Þegar byrjuðum með þetta var um helmingur kennaranna utan- aðkomandi en ætli þetta séu ekki um fjórutíu kennarar sem komi að þessu hjá okkur.“

Óttast að skólum verði att saman

Hálfán hóf störf við VMA haustið 1984 sem kennari en kom sem fyrr segir að fjarkennslunni 1994. „Ég vann mjög mikið í upphafi með Hauki Ágústssyni, sem setti þetta af stað og Adam Óskarssyni. Þá var ég aðstoðarskólameistari hér um tíma og kom þá að ýmsum skipulagsmálum. Auk þess lenti ég snemma í því að fjalla um kjaramál og ýmis vandamál sem tengdust fjárhag og rekstri fjarkennslunnar. Þar af leiðandi hef ég verið flæktur í þetta frá upphafi. Ég kom t.d. að fyrstu tilraunum til að búa til kjarasamning um þetta á landsvísi, sem mistókst reyndar. Síðan hef ég skipt mér mikið af þessum málum, við misjafna hrifningu sumra. Í seinni tíð hef ég þó verið mest að vinna þetta sem fjarkennari, ég er ekki stjórnandi lengur og horfi því fyrst og fremst á

þessi mál frá sjónarhorni kennarans. Ég er gallharður á því að búa þurfi til viðmið, gæðaramma utan um fjarkennslu. Fyrst þegar því er lokið verður hægt að leysa önnur vandamál eins og t.d. að búa til kjarasamninga og uppfylla ýmsar óskir frá ráðuneytinu. Eins og t.d. samræmingu á fjarnámi fyrir allt landið. Nú eru uppi hugmyndir um skiptimarkað fjarkennslu, þar sem skólarnir eiga að bjóða upp á þetta sem einhvers konar afurð eða þjónustu. Þetta finnst mér glannaleg hugmynd þegar ekki er búið að skilgreina afurðina eða þjónustuna. Það er einkenni- legur markaður sem settur er af stað án þess að vitað sé hvað hann á að bjóða upp á. Mér finnst í sjálfu sér þessi hugmynd ráðuneytisins um skiptimarkað ágæt ef vitað er hvað á þar að vera og ef hún á að vera til að auka námfamboð í fámenninu,“ segir Hálfán og nefnir að hægt sé að líkja þessu við útboð ríkisins til verktaka vegna framkvæmda, sem síðan bjóði í verk allt niður í 50% af kostnaðaráætlun. „Ég óttast að þetta muni í reynd virka þannig að skólum verði att saman til að þeir undirbjóði námið hver fyrir öðrum. Ef það er svo finnst þá finnst mér þetta hræðileg hugmynd,“ segir Hálfán Örnólfsson, kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri, sem þrátt fyrir allt trúir á að framtíð fjarkennslu sé björt svo framarlega sem tekið verði á málefnum hennar með því að sækja góðar hugmyndir til annarra landa, sem þegar hafi markað spor á þessu sviði.

Skólastarf

Aðför að stjórnendum leikskóla

Ingibjörg Kristleifsdóttir,
formaður Félags stjórnenda leikskóla



Í lögum um leikskóla sem öðluðust gildi 1. júlí 2008 er gefið svigrúm fyrir smærri sveitarfélög til samrekstrar leik- grunn- og tónlistarskóla. Samband sveitarfélaga, mennta og menningarmálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands eru sammála um að hugsunin bakvið lagasetninguna með þessu svigrúmi sé að gera litlum sveitarfélögum sem smæðar sinnar vegna hafa ekki sama möguleika og þau sem stærri eru kleift að halda skólastarfi gangandi. Þó ekki sé hægt að segja að þetta sé ólöglegt þá kemur það skýrt fram í greinargerðinni með lög- unum hver tilgangurinn með þessari grein laganna var. Nokkur sveitarfélög þ.m.t. Reykjavíkurborg túlka lögina þannig að það megi samreka og sameina eins og þeim sýnist og að í því felist tækifæri til fjárhags- legs og faglegs ávinnings. Fyrsta skref að þessu markmiði var að fækka stjórnendum leikskóla og fengu tugir leikskólastjórnenda uppsagnar- bréf um síðustu mánaðarmót. Nær allt konur með langa starfsævi hjá Reykjavíkurborg, allt uppi 40 ár. Það skal tekið fram að leikskóla- stjórnendur eiga í fæstum tilvikum ekki biðlaunarétt nema einungis

þeir sem hafa samfellda ráðningu hjá Reykjavíkurborg frá því fyrir 1. maí 1978 og þeir sem störfuðu áður í leikskólum sem ríkið rak. Þetta er gert undir þeim merkimiða að vernda innra starf leikskóla og taka á móti nýjum tækifærum. Með þessum gjörningi sem sýnir mikla vanþekkingu á störfum leikskólastjórnenda og vanvirðingu við störf þeirra er búið að misbjóða hugtakinu tækifæri með því að þröngva fram sam- einingu án samstarfs við foreldra og starfsmenn. Í stað þess að fyllast krafti til góðra verka þá vekur það tortryggni, óöryggi og vanmátt.

Félag stjórnenda leikskóla mun aldrei standa í vegi fyrir skólaþróun og hefur félagið bent á ótal marga möguleika til að styrkja starf leik- skólanna undir faglegri leiðtögu leikskólastjórnenda. Skólastjórnendur vita að til þess að breytingar gangi vel og verði til góðs þá þarf sterka faglega leiðtoga til að leiða þær. Að fækka leiðtögum sem hafa til þess bæra menntun og reynslu, kallar á upplausn og rót sem bitnar beint á gæðum leikskóla og þar með framtíð okkar allra.

Það var tilfinningarík stund þegar Mimi Bjerkestrand tók við bréfunum úr höndum Eiríks



Bréf norskra skólabarna afhent norska kennarasambandinu

Stjórnarfundur samtaka norrænu kennarasambandanna, NLS, var haldinn í Reykjavík 3. maí síðastliðinn.

Fundurinn hófst með því að Eiríkur Jónsson sagði af sér formennsku NLS en hann, sem formaður KÍ, hafði verið formaður NLS frá síðustu áramótum. Nýr formaður KÍ, Þórður Á. Hjalteð var kosinn nýr formaður NLS út árið 2011 og tók við stjórnun fundarins. Fimm aðildarlönd NLS skipta með sér forystuhlutverki NLS og fer Ísland því með formennsku fimmta hvert ár.

Eftir að Eiríkur setti fund og áður en hann sagði af sér afhenti hann formanni norsku kennarasamtakanna, Mimi Bjerkestrand, kassa með þakkarbréfum norskra barna til íslenskra barna frá 1945. Félag íslenskra barnakennara (FÍB) stóð fyrir söfnun meðal landsmanna árið 1944 með það að markmiði að senda matarpakka til norskra fjölskyldna (barna). Með í pakknum var bréf frá nemanda í íslenskum barnaskóla. Bréfin fundust í dánarbúi fyrrum stjórnarmanns FÍB en þau bárust eftir að skóla lauk það árið og voru því aldrei send út. Norska kennarasambandið ætlar að koma bréfunum til áttaha sinna þar sem þau hafa mikið sagnfræðilegt gildi. Fundarmönnum þótti þetta afar merkilegt og lýsandi fyrir samstöðu fólks á Norðurlöndum.



Gjafabréf sem Arinbjörn Vilhjálmsson lét fylgja með þegar hann afhenti Kennarasambandi Íslands norsku þakkarbréfin, sem fundust í fórum Ingimars Jóhannessonar móðurafa hans. Ingimar var formaður Sambands íslenskra barnakennara árin 1943-1950 en hann lést árið 1982.

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Kennarar takið eftir

Námskeið á haustönn 2011

- Lærðu að nota google aps. Ókeypis hugbúnaður sem ýtir undir pappírslausa kennslu og pappírslaut nám 8. og 10. ágúst
- Ertu að fara að kenna Snorra?
- Leiklist fyrir kennara í leik- og grunnskólum
- Hljóm 2 námskeið fyrir leikskólakennara 7. september og 18. október og annað 2. september og 7. október

Fylgist með heimasíðunni þar er skráning og einnig í síma 525 - 5980

<http://vefsetur.hi.is/srr>



Staða leikskólakennara er laus til umsóknar frá og með 10. ágúst 2011

Áherslur skólastarfs eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Rík áhersla er á virðingu og gleði í öllum samskiptum sem eru lykilhugtök í daglegu starfi skólans.

Viðkomandi þarf að vera fús til samstarfs á grundvelli stefnu skólans. Heimasíða skólans er www.regnbogi.is

Áhugasamir sendi tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899-2056 eða 557-7071.

Lovísa Hallgrímsdóttir
leikskólastjóri

FASTUS

Glösin sem gera góð vín betri



Rauðvínsglas	55cl.	1.295
Hvítvínsglas	37cl.	1.195
Rauðvín/Hvítvín	40cl.	1.195
Kampavínsglas	20cl.	1.095

C&S
Chef&Sommelier



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



100 %
Meríno ull!

Gæða ullarföt á góðu verði!



Janusbúðin

www.janus.no

Laugavegi 25
Reykjavík
s. 552-7499

Hafnarstræti 99-101
Akureyri
s. 461-3006



Evrópumerkið

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytið veita Evrópumerkið sem viðurkenningu fyrir:

nýbreytni í tungumálanámi og -kennslu.

Merkið er veitt á Evrópska tungumáladeginum þann 26. september nk.

Forgangsatriði 2011

Tungumálanám og samfélag:

Verkefni auðveldi aðlögun og aðgengi erlendra ríkisborgara að íslensku samfélagi, hvort sem um er að ræða innflytjendur, erlenda stúdenta eða ferðamenn.

Tungumálanám sem undirbúningur fyrir atvinnu:

Verkefni auki tungumálafærni einstaklinga, innlendra eða erlendra, og búa þá betur undir þátttöku á vinnumarkaði hérlandis eða erlendis.

Umsóknarfrestur um Evrópumerkið í ár er til 15. júní nk. Umsóknum er hægt að skila rafrænt til Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins á slóðinni:

<http://lme.is/page/EuropeanLabel>

Á ofangreindri slóð má sjá þau verkefni sem hafa verið styrkt

Nánari upplýsingar gefur Ragnhildur Zoega á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Sími: 525 5813 - Netfang: rz@hi.is - www.lme.is



Núpu í Dýrafirði. Ljós.: Björn Bensby.

Listin að segja sögu

Í heila viku í lok júlí ætla norrænir sagnaþulur að sitja saman í vestfirskri náttúruvegur og ræða um listina að segja sögu. Þetta er í nítjándra sinn sem norrænt sagnaþing er haldið og í annað sinn hér á landi. Núpur í Dýrafirði hentar einkar vel til þessa, á miðju sögu sviði Gísla sögu Súrssonar. Þar verða haldin námskeið og sagðar sögur á norrænum tungum og reyndar líka ensku því meðal leiðbeinenda eru reyndir sagnamenn, rithöfundar og leikarar frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Íslandi og Bretlandseyjum.

Sagnalistin hefur fylgt manningnum lengi en á undanförunum árum hefur hún notið æ meiri athygli. Það stafar ekki síst af því að menn komust að þeirri niðurstöðu að listin að segja sögu er grunnur allra bókmennta. Íslendingasögurnar eru fyrst og fremst tilraun til að festa á blað þær sögur sem þjóðin hafði verið að segja allt frá landnámi.

Þráðurinn hefur verið tekinn upp að nýju - eða kannski slitnaði hann aldrei. Sagnamannakvöld hafa notið vaxandi vinsælda og þar hafa sprottið upp góðir sagnamenn sem áður létu sér nægja eldhúsbörð eða lúkar sem vettvang. Svo hafa menn komist að því að sagan er til ýmissa hluta nýtsamleg. Hana má nota sem miðlun á reynslu og þekkingu til nýrra kynslóða, hún er listform sem nýta má við uppeldi og í atferlismeðferð og síðast en ekki síst er hún skemmtileg.

Sagnaþulur/þula les ekki sögu heldur er sagan eigin upplifun, lærd af bók eða munnmælum og síðan túlkuð og gefin áfram. Saga sagnaþular er því aldrei eins. Hún getur breyst eftir því hverjum hún er sögd, hverjar aðstæður eru þegar hún er sögd og jafnvel hvernig liggur á þeim sem segir söguna í það og það skiptið.

Á norrænu sagnaþingunum sitja menn á námskeiðum á daginn og njóta leiðsagnar kennara en á kvöldin eru sagðar sögur, hlustað á sögur, sungið og glaðst í góðum hópi. Þingið fer fram dagana 24.-30. júlí. Það er sett á sunnudegi, námskeið hefjast á mánudegi og þeim lýkur á föstudagskvöldi með hátíðarkvöldverði. Haldið er heim eftir morgunverð á laugardegi. Um miðja vikuna verður farið í skemmtiferð með leiðsögn á söguslóðir Gísla Súrssonar.

Námskeið, kvöldvökur, fullt fæði og gisting í tveggja manna herbergjum er innifalið í þáttökugjaldinu sem er kr. 76.000. Umsókn og greiðsla þarf að hafa borist fyrir 24. júní. Athugið að takmarkaður fjöldi þátttakenda er á hvert námskeið! Þing norrænna sagnaþula er styrkt af Menningarráði Vestfjarða og Nordisk kulturfund.

Nánari upplýsingar: <http://sagnating.123.is>



Dregið var úr nöfnum þeirra, sem sendu inn réttar lausnir á krossgátunni í síðustu Skólavörðu og sigurvegari er:

Stefanía Björnsdóttir

Lundi 3

200 Kópavogur

Stefanía fær senda heim til sín bókina Eyjafjallajökull eftir Ara Trausta Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson. Það er bókaútgáfan Uppheimar sem veitir verðlaunin.




krossgáta KÍ

Sendið lausnina ásamt nafni og heimilisfangi á neðangreint heimilisfang fyrir 15. ágúst; Skólavörðun - krossgáta, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík. **Bókaverðlaun í boði!**

LÁRÉTT


4. Maður frá landi þar sem höfuðborgin er Minsk. (9)
8. Lítil könguló. (10)
9. Ræða prests í kirkju. (8)
10. Þjóð sem kemur frá landi sem er kallað á þeirra máli Mísr. (7)
11. Dýr sem tilheyrir Crinoidea flokki skrápýra sem eru botnföst fimmarna sjávardýr. (7)
14. Altarisgrindur. (6)
15. Móðir Persefóne. (7)
16. Tegund af herskipi. Potemkin er þekktasta skip þeirrar tegundar. (9)
18. _____ söngvanna, þáttur sem Hörður Torfason var með á Rás 1. (7)
19. Spíritus sem út hefur verið bætt efni til að gera hann ódrekkandi. (14)
20. Framfærslueyririnn sem borgaður er með börnum. (8)
21. Tímabil sem samanstendur af 354 dögum. (7)
24. Sjúkdómur í sjóntauginni sem lýsir sér með hækkuðum augnþrýstingi og skemmdum í sjóntaug og sjónsviði. (5)
26. Stórt hrynt jörturdýr sem lifir í skógum. (7)
27. Staðurinn þar sem Leonídes féll. (10)
28. Alþjóðleg skilríki. (8)
29. Forn stórveldi í frjósama hálfmánanum, sem leið undir lok þegar Babýlonríkið tók svæðið yfir. (7)
31. Stórar flugur af undirættbálki vogvængja. Einkenni þeirra eru langur bolur, stór augu og útstæðir vængir. (11)
32. Fýllinn. (7)
33. Samhangandi röð fjalla (11)




LÓDRÉTT

1. Skagi sem dregur nafn sitt af bæ Skalla-Gríms Kveld-Úlfssonar (9)
2. Keppni um að komast í aðalkeppni. (10)
3. Uppspretta vatns sem inniheldur koltvísýring (7)
5. Kvenvættur í vötnum. (8)
6. Efnið sem gert er úr hvítu eða grænleitri steintegund og notað í andlits- og húðpúður. (8)
7. Dýr sem er í norræna umhverfismerkinu. (6)
11. Reitur í blómagarði þar grjót er vísitandi haft. (8)
12. Tígn í Hjalpræðishernum. (9)
13. "En hitt vissi eg að ____ hans var heima." (6)
17. Íslenskt heiti Eucalyplus amygdalina. (9)
20. Maður sem Biblían segir að hafi orðið 969 ára. (10)
21. Land sem samanstendur af Bæheimi og Mæri, auk hluta af Slésíu. (8)
22. Svört til brúnsvört bjalla sem étur blaðjaðra plantna. (10)
23. "... þínir _____, tímanna safn." (9)
24. Gamalt orð fyrir loðskinnin, einkum af íkornum. (8)
25. Líkneski af guði. (8)
27. Íslenskt heiti avókadó. (7)
30. Borg í Norður-Englandi þar sem Víkingar voru fjölmennir (enskt heiti). (4)

Lausn Krossgátu í 1.tbl Skólavörðunnar 2011





Ég get lesið

Handbók um fyrstu skrefin í lestrarnámi ungra barna fyrir leikskóla, grunnskóla og heimili

Kristín Arnardóttir

Handbókin „Ég get lesið“

ásamt fylgigögnum kr. 4.390

Pantanir:

Steinn og Kristín
Sími 5526824 og 8966824
steinn@steinn.is

Kristín Arnardóttir sérkennari höfundur bókarinnar býður skólum og leikskólum upp á fræðslufundi um lestrarnám ungra barna. Hver fundur er sniðinn að þörfum hvers hóps fyrir sig og tekur 1-2 klst. Fyrirspurnir berist í netfangið kriarn@gmail.com

www.steinn.is

Með bókinni fylgja þessi kennslugögn úr plasthúðuðu kartoni




Stafabangsar

36 bangsar með litlum bókstöfum og 36 bangsar með upphafsstöfum Raði þeir sér saman geta þeir myndað orð. Sérhljóðar og samhljóðar aðgreindir í útliti.



Bangsabíllinn

Hópfærðabíllinn sem bangsarnir raða sér á til að mynda samstöfur og orð.



Stafahús

Bókstafir ferðast með lyftu milli hæða til að æfa tengingu hljóða. Stafahúsin má einnig nota sem spil.



Drekinn Fúfú

ásamt stafastrimlum

Renna má strimli inn um bakhlutann á honum og draga út um ginið. Börnin lesa um leið og orðin birtast út úr gini drekans.

a	á	b	d	ð	e
é	f	g	h	i	í
j	k	l	m	n	o
ó	p	r	s	t	u
ú	v	x	y	ý	z
þ	æ	ö	ei	ey	au

Stafrófið

Bókstafir á plasthúðuðu spjaldi til að klippa út og nota við margs konar æfingar sem kynntar eru í bókinni.

SMART lausnir í skólastofuna.



Hluti af kennslulausnum frá SMART innifelur tæki og hugbúnað. Þessir hlutir eru framleiddir til þess að vinna saman sem ein heild og hafa verið hannaðir með kennslu að leiðarljósi.

SMART[™]

Extraordinary made simple[™]


Varmás

Markholti 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144
www.varmas.is

ÞÚ...

... getur notið þess besta sem við bjóðum!

HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG?



Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is


BYR